Matthías Matthíasson, leikmaður með meistaraflokki 1983–1998 með hléum þó og einnig þjálfari meistaraflokks ÍR.

Ólafur Gylfason leikmaður með meistaraflokki ÍR 1983–1999.

ins. Eitt af markmiðum hans var að klúbblimir sæju sem flesta leiki og mynduðu þannig „áttunda manninn“ í liðinu með stuðningi sínum ofan af áhorfendapöllum. Ennfremur að leggja honum lið með ýmsum hætti. Um síðir hlaut þessi félagsskapur hið fróma nafn „Bláa höndin“.

Neyðarástand í Seljaskóla

Ekki var það bláhandarmönnum að kenna að neyðarástand skapaðist í Seljaskólahúsinu í leik gegn Stjörnunni í október 1997. Bilaði leikklukkan svo hvorki var hægt að birta leiktímann né stöðuna í leiknum. Af þeim sökum gekk stundum mikið á við ritaraborðið. Bæði vildu þjálfarar, liðsstjórar og leikmenn vita hversu mikið var eftir og eins hver staðan í leiknum var. Því var gripið til þess ráðs er á leikinn var liðið að sýna stöðuna með flettispjöldum á ritaraborðinu. Áfram ríkti þó sama óvissan um hvað leiktímanum liði. Leiknum tókst þó að ljúka eins og vera bar og höfðu ÍR-ingar sigur undir þessum óvenjulegu kringumstæðum, unnu 23:18. Í honum sætti það tíðindum að aldursforsetinn og fyrirliðinn Guðmundur Þórðarson, sem átti eftir fjóra mánuði í fertugt, tók forystu fyrir ÍR með marki af línu eftir skyndisókn við mikinn fögnuð leikmanna og áhangenda. Atvikið átti sér stað í byrjun seinni hálfleiks og kom Guðmundur félögum sínum á bragðið því þeir létu forystuna ekki af hendi eftir þetta. Markið var hið fyrsta hjá Guðmundi á leiktíðinni en árið áður skoraði hann tvö.

Árið eftir átti ÍR í mikilli baráttu við Víkinga undir lok mótsins um hvort liðið héldi sæti sínu í deildinni. Þeir fóru því til Vestmannaeyja um miðjan mars 1998 með takmark sitt á hreinu. Með brjóstið þanið af baráttuanda lögðu þeir Eyjamenn 29:27 eftir að hafa lengstum verið með forystu. Annað árið í röð stigu ÍR-ingar villtan dans að leik loknum. „Þetta var gífurleg barátta. Við vissum að þetta væri upp á líf eða dauða og ætluðum að ná í þá aukakrafta sem menn sækja þegar þeir vita að þeir eru að berjast fyrir lífi sínu,“ sagði Matthías Matthíasson, þjálfari ÍR, kampakátur við Morgunblaðið eftir sigurinn. „Það var ekki annað hægt en að vinna leikinn, við erum einfaldlega of góðir til að falla. Að mínu mati eigum við að vera mun ofar í deildinni. Það var frábært að geta klárað þetta sjálfir,“ sagði Ragnar Óskarsson við DV eftir hinn frækilega sigur. Með honum hélt ÍR sæti í 1. deildinni á kostnað Víkinga. Ragnar og Ólafur Sigurjónsson voru í broddi fylkingar er ÍR-ingar brutu Eyjamenn á bak aftur, skoruðu sín á milli 17 mörk liðsins af 29.

Ragnar skoraði mörk í öllum regnbogans litum

Fyrri leikur liðanna um veturinn var tvísýnni. Jafnt var, 28:28, er ÍR-ingar hófu sókn þegar 40 sekúndur voru eftir. „Bara eitt skot!“ hrópaði Matthías Matthíasson þjálfari. Hann gaf Ólafi Gylfasyni til kynna að hann skyldi skjóta. Hann tók þjálfarann á orðinu og þrumuskot hans hafnaði í netinu. Þrátt

fyrir ákafar tilraunir Eyjamanna til að jafna gekk það ekki eftir. Gulltryggði Hallgrímur Jónasson svo sigur ÍR-inga með því að verja vítaskot þegar nokkrar sekúndur voru eftir. Öðru fremur var það barátta, samheldni og leikgleði sem skóp sigurinn.

Ragnar var enn leikmaður yngri flokka er hann fékk að spreyta sig með meistaraflokki ÍR. Fyrr en varði var hann orðinn aðalskyttan í íslenskum handknattleik og ósjaldan skoraði hann á annan tug marka í leik. Hann þótti strax efnilegur leikstjórnandi með fjölbreyttan skotstíl og gott auga fyrir línuspili. „Ragnar hló bara að okkur,“ sagði gamla stjarnan Sigurður Sveinsson eftir að ÍR hafði lagt HK að velli í 1. deild í október 1997 en þá var Ragnar aðeins 19 ára. Hann átti stórkostlegan leik og skoraði 14 mörk í leiknum af 29 mörkum ÍR, „í öllum regnbogans litum“, sagði Morgunblaðið. Ragnar var og hetja ÍR-inga er þeir gerðu jafntefli, 20:20, við Val í baráttuleik í Seljaskóla í janúar 1998. Hann skoraði jöfnunarmarkið með glæsilegu langskoti upp úr aukakasti sex sekúndum fyrir leikslok. Var það tólfta mark Ragnars í leiknum. Til marks um skotfimi hans gerði hann og 13 af 25 mörkum ÍR-liðsins í janúarlok í tapleik gegn Stjörnunni í Garðabæ.

Nokkrum dögum áður gengu um 300 áhorfendur út af fyrirhuguðum leik liðanna í Ásgarði í Garðabæ. Reyndar ekki fyrr en þeir höfðu ásamt leikmönnum beðið eftir dómurunum í 20 mínútur eftir að leikurinn átti að hefjast. Ákváðu þjálfararnir að ganga af velli með lið sín. Var það fáheyrt að fresta þyrfti leik í efstu deild sakir þess að engir dómarar mættu til hans. Fyrir mistök höfðu reyndar engir dómarar verið boðaðir í leikinn af hálfu handknattleikssambandsins. Þrátt fyrir góða leiki inn á milli varð það hlutskipti ÍR, eins og áður segir, að berjast fyrir lífi sínu í deildinni seinni hluta vetrar 1997–98 en það varð í 10. sæti af tólf liðum.

Frosti Guðlaugsson leikmaður með meistaraflokki 1984–1998, með hléum þó.

Heimavöllur í Austurbergi

Um haustið 1998 urðu þau tímamót í starfsemi handknattleiksdeildar ÍR að hún fékk nýjan heimavöll í íþróttahúsinu við Austurberg. Til að byrja með léku efstu flokkar karla og kvenna þar. Meistaraflokkurinn kvaddi hinn sterka heimavöll í íþróttahúsi Seljaskóla er hann lék sinn fyrsta leik í Austurbergi 30. september. Og byrjunin var góð, ÍR-ingarnir unnu Hauka 31:28 í skemmtilegum og spennandi leik. „Við finnum okkur ágætlega hér í Austurberginu, þetta er gott hús og áhorfendur voru góðir,“ sagði Kristján Halldórsson þjálfari eftir leikinn.

Má segja að ÍR-ingar hafi vígt nýja heimavöllinn eins og best varð á kosið, með sigri. Og hann reyndist happadrjúgur því liðið tapaði ekki leik þar lengi vetrar. Í einum þeirra, í nóvember 1998, blasti öruggur sigur á Stjörnunni við er ÍR fékk vítakast nokkrum sekúndum fyrir leikslok. Hallgrímur Jónasson, sem átt hafði

Ragnar Þór Óskarsson, leikmaður með ÍR 1994–2000 en gerðist atvinnumaður með Dunkerque í Frakklandi haustið 2000.

stórleik í marki ÍR, var kallaður til og boðið tækifæri til að komast á blað yfir markaskorara. Stallbróðir hans varði hins vegar skotið og gerði sér lítið fyrir og skoraði hjá ÍR með því að kasta knettinum yfir endilangan völlinn í mark ÍR, sem vann 27:23. Morgunblaðið var ánægt með ÍR-liðið og þó sérstaklega frammistöðu Ólafs Gylfasonar sem blaðið sagði virðast yngjast með hverjum leik.

Var það ekki fyrr en í sjötta heimaleik, gegn Aftureldingu í byrjun desember, að ÍR beið ósigur í Austurberginu. Liðið varð fyrir áfalli strax í fyrstu þegar slegið var á skothönd Ólafs Gylfa með þeim afleiðingum að hann handarbrotnaði. Setti það liðið nokkuð út af laginu því Ólafur var lykilmaður í vörn liðsins. ÍR-liðið var í „jólaskapi“ í húsinu viku seinna. „Við erum byrjaðir að opna jólapakkana,“ sagði Kristján Halldórsson þjálfari eftir að liðið gerði út um vonir Framara um að setjast á topp deildarinnar fyrir jól með því að gjörsigra þá, 33:24. Afar sterkur varnarleikur ÍR með rúmlega fertugan Guðmund Þórðarson í broddi fylkingar braut sóknir Fram á bak aftur og gerði það gæfumuninn. Guðmundur kom inn í liðið í stað Ólafs sem meiddist viku áður. Ragnar Óskars skoraði átta mörk í þessum leik, þar af sex á sjö mínútna kafla. Voru þau einkar fjölbreytt og lokamark hans var einstakt því hann skaut með lágu skoti utan af velli milli fóta sér og í gegnum klof varnarmanns sem milli hans og marksins stóð!

Skondið atvik varð í leiknum er Framarar fengu eitt af vítaskotum sínum. Eftir að merki var gefið um að það skyldi framkvæmt sveiflaði skotmaðurinn hendinni ótt og tít til að koma markverði ÍR úr jafnvægi. Hann varð furðu lostinn er dómararnir stigu fram og sögðu hann fallinn á tíma – skotið hafi honum borið að taka innan þriggja sekúndna ellegar færi það forgörðum eins og í þetta sinn.

Ragnar skoraði 15 mörk í baráttuleik

Minnstu munaði að Ragnar Óskarsson yrði jafnoki Gunnlaugs Hjálmarssonar í leik gegn Víkingum í efstu deild í október 1999. Ragnar skoraði 15 mörk í leiknum en hann var um árabil einn skæðasti sóknarmaður ÍR. Mánuði seinna skoraði hann 13 mörk ÍR af 29 gegn HK. Met Gunnlaugs frá 1958 er 16 mörk. Jafnaði Ragnar eldra metið sem Jóel Sigurðsson setti í fyrsta Íslandsmótinu, 1940, en þá skoraði Jóel 15 mörk í einum og sama leiknum sem var styttri en síðar tíðkaðist, eða 2 x 25 mínútur.

ÍR-ingar gátu einkum þakkað Ragnari að þeir fengu tvö stig úr spennandi viðureigninni. Víkingar höfðu yfirhöndina nær allan leikinn en honum tókst að halda liði sínu á floti. Var það ekki fyrr en á síðustu stundu að ÍR-ingar komust yfir og unnu, 26:24. Ragnar var í miklum ham og skoraði nánast að vild. Það var um seinan er Víkingar gerðu undir lokin tilraun til þess að stöðva hann.

„Við vorum einfaldlega seinir í gang og hugsanlega einhver skrekkur í okkur. Við verðum að laga þá hluti sem aflaga fóru, en það sem mestu máli skiptir er að við tókum okkur tak, einkum í vörn, og unnum leikinn,“ sagði Ragnar við Morgunblaðið eftir leikinn. Aðspurður hvort hann væri ekki ánægður með framgöngu sína sagði Ragnar að svo væri, en mest um vert væri þó að ÍR hefði unnið.

Öll ár 21. aldarinnar hefur ÍR-liðið verið meðal átta efstu liða í deildinni og því tekið þátt í úrslitakeppni Íslandsmótsins sex undanfarin ár í röð. Það varð í áttunda sæti í deildarkeppninni vorið 2001. Um sumarið urðu kaflaskipti er Júlíus Jónasson var ráðinn þjálfari meistaraflokks ÍR. Að honum var mikill fengur því Júlíus hafði verið atvinnumaður í rúman áratug erlendis og Evrópumeistari með spænsku liði. Hann var og einn besti leikmaður Íslands um langt árabil. Hjá ÍR þreytti hann frumraun sína sem þjálfari og fyrstu árin spilaði hann einnig með liðinu. ÍR varð fyrir nokkurri blóðtöku árið áður, sumarið 2000, er félagið varð að sjá á eftir sínum besta manni, Ragnari Þór Óskarssyni, í atvinnumennsku til útlanda. Strax á fyrsta starfsári Júlíusar náði liðið engu að síður sínum besta árangri í rúman áratug með sjötta sæti í úrvalsdeildinni vorið 2002.

Og árið eftir gerði ÍR-liðið enn betur með því að verða í þriðja sæti í deildinni og komast alla leið í úrslitaeinvígið um Íslandsmeistaratitilinn.

Meistaraflokkur karla 1999–2000.
Aftasta röð frá vinstri: Kristinn Björgúlfsson, Einar Friðrik Hólmgeirsson, Erlendur Stefánsson, Finnur Jóhannsson, Ragnar Þór Óskarsson, Ingimundur Ingimundarson, Róbert Þór Rafnsson og Ólafur Gylfason.
Miðröð frá vinstri: Ólafur Þór Friðriksson, Jón Kristjánsson þjálfari, Andri Úlfarsson, Brynjar Steinarsson, Sturla Ásgeirsson, Björgvin Þór Þorgeirsson og Ágúst Guðmundsson.
Fremsta röð frá vinstri: Þórir Svavar Sigmundsson, Ragnar Már Helgason, Bjarni Fritzson, Hallgrímur Jónasson, Hrafn Margeirsson, Sævar Reykjalín Sigurðarson, Ólafur Sigurjónsson og Jóhann Örn Ásgeirsson.

Kepptu til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn 2003

Þriðja sætið varð hlutskipti ÍR í 1. deildinni 2003, 2004 og 2005 en fyrstnefnda árið stóð liðið sig með glæsibrag í úrslitakeppninni og spilaði sig alla leið í úrslitaglímuna um Íslandsmeistaratitilinn. Þar voru mótherjar Íslandsmeistarar Hauka. Var það í fyrsta sinn í 57 ár að liðið komst verulega í tæri við titilinn sem ÍR vann 1946. Í samtali við Fréttablaðið fyrir rimmurnar við Hauka sagði Júlíus árangur liðsins vera hvetjandi fyrir félagið. „Ég tók við fínum mannskap og kom með mínar eigin áherslur og hugmyndir,“ sagði hann. „Árangurinn er lyftistöng fyrir félagið. Þetta er mjög jákvætt fyrir þá sem hafa fylgt okkur í vetur og líka fyrir börnin í hverfinu. Mér sýnist vera smávakning í gangi hérna. Þetta er einnig mikil viðurkenning fyrir þá sem hafa starfað lengi fyrir félagið. Þeir eiga mikið í árangrinum,“ sagði Júlíus.

Nær allir leikmenn ÍR voru í fyrsta sinn í þeim sporum að vera komnir í lokaleiki titilrimmu. Að vonum voru þeir

Meistaraflokkur karla 2002–2003. Aftari röð frá vinstri: Hólmgeir Einarsson formaður, Júlíus Jónasson þjálfari, Tryggvi Haraldsson, Fannar Þorbjörnsson, Guðlaugur Haukssson, Hreiðar Leví Guðmundsson, Einar Friðrik Hólmgeirsson, Ingimundur Ingimundarson, Davíð Ágústsson, Þorleifur Björnsson, Kristinn Björgúlfsson og Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson aðstoðarþjálfari. Fremri röð frá vinstri: Ólafur Sigurjónsson, Sturla Ásgeirsson, Stefán Petersen, Bjarni Fritzson, Hallgrímur Jónasson, Ragnar Már Helgason, Brynjar Valgeir Steinarsson, Viðar Ingólfsson og Pálmi Bárðarson.

því spenntir í fyrstu og sóknarleikur ÍR þótti bregðast í fyrsta úrslitaleiknum. Lögðu Haukar enda allt upp úr að halda skyttunum Ingimundi Ingimundarsyni og Einari Hólmgeirssyni, besta manni ÍR um veturinn, í skefjum og tókst það bærilega. Unnu Haukar leikinn 25:22.

Því var um það að ræða fyrir ÍR-inga að duga eða drepast í öðrum leik, á heimavelli sínum við Austurberg. Höfðu þeir hrist úr sér hrollinn, komu vel stemmdir til leiks og börðust sem ljón frá upphafi til enda og höfðu lengstum frumkvæðið. ÍR-ingar fögnuðu sigri, 24:23, eftir að hafa verið undir í hálfleik, 12:11. Sigurinn þökkuðu þeir einkum Hallgrími Jónassyni markverði sem tryggði hann með því að verja markskot frá Haukum á síðustu sekúndum leiksins. Var það eitt 18 skota sem Hallgrímur varði í leiknum og það mikilvægasta. Enda stigu hann og félagar hans stríðsdans á gólfi íþróttahússins er leikurinn var flautaður af. Innsiglaði hann með þessu fyrsta sigur ÍR í kapphlaupi liðanna um Íslandsmeistaratitilinn. Sigurmarkið skoraði Bjarni Fritzson úr vítakasti þegar tæp hálf mínúta var til leiksloka. Þar með höfðu liðin unnið sinn leikinn hvort og ÍR-ingar afsannað spádóma sem gengu út á það að Haukar myndu vinna fyrstu þrjá leikina í röð og þannig titilinn með lágmarksfjölda leikja.

„Ég held að þetta hafi verið verðskuldaður sigur. Við náðum frumkvæði í seinni hálfleik þegar við vorum sex á móti fjórum, nýttum það mjög vel og eftir það var virkilega gott sjálfstraust í liðinu," sagði Finnbogi Sigurbjörnsson, aðstoðarþjálfari Júlíusar Jónassonar, eftir sigurinn. „Mér fannst skipta sköpum, sérstaklega ef miðað er við fyrri leikinn, að það var meira sjálfstraust í okkar liði ásamt meira áræði og sigurvilja." Það vakti athygli Morgunblaðsins, sem birti af því mynd á útsíðu blaðsins, að Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, brá sér á kappleikinn. Tengdi blaðið það við að þingkosningar voru í nánd en horfði framhjá því að hann hafði búið um langan aldur á áhrifasvæði ÍR.

Næstu tvo leiki úrslitaeinvígisins unnu Haukar og hrósuðu þeir því sigri og fengu Íslandsbikarinn afhentan á heimavelli ÍR í Austurbergi. Var það þriðji meistaratitill liðsins á fjórum árum. ÍR-ingar tóku við silfurverðlaunum sem var besti árangur liðsins í efstu deild í áratugi. Varð ÍR í sama sæti á Íslandsmótinu 1958.

Eftir þetta góða gengi mættu leikmenn ÍR tvíefldir til leiks haustið 2003 eftir vel heppnaða æfingaferð til Spánar. Og árangurinn lét ekki á sér standa. Nýtt fyrirkomulag hafði verið tekið upp á Íslandsmótinu. Leikið var í tveimur riðlum, Norður- og Suðurriðli, og vann ÍR þann síðarnefnda. Spilaði því í hinni nýju úrvalsdeild en í hana komust fjögur efstu lið úr hvorum riðli.

„Tryllt spenna" í maraþonviðureign

Aðeins herslumuninn vantaði á að ÍR-ingar lékju aftur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn 2004. Það gerðu þeir árið 2003 eftir að hafa lagt Val að velli í spennandi baráttuleikjum í undanúrslitunum. Liðin kepptu aftur um sæti í úrslitum 2004 og hefur sjaldan eins tvísýn keppni átt sér stað í handboltanum. Eftir að hafa unnið sinn leikinn hvort kom til oddaleiks í Valsheimilinu á Hlíðarenda. Þar fór fram maraþonviðureign; „rosaspennutryllir" svo notuð séu orð í umsögnum um leikinn.

Með kröftugum leik Einars Hólmgeirssonar og Hannesar Jóns Jónssonar voru ÍR-ingar skrefinu á undan Valsmönnum framan af leiknum og höfðu þriggja marka forskot í hálfleik. Þeir virtust ætla að halda áfram á sömu braut í upphafi seinni hálfleiks. Komust fjórum mörkum yfir, 16:12, en með seiglu jöfnuðu Valsmenn, 18:18. Það sem eftir lifði leiksins skiptust liðin á að hafa forystu og mátti ekki á milli sjá. Fannar Þorbjörnsson kom ÍR-ingum yfir, 23:22, þegar rúmar fimm mínútur voru eftir en Valsmenn jöfnuðu fjórum mínútum fyrir leikslok og þar við sat.

Staðan eftir venjulegan leiktíma var 23:23 og 26:26 eftir fyrri framlengingu. Aftur var jafnt, 31:31, að lokinni þeirri seinni og kom því til bráðabana. ÍR-ingar unnu hlutkestið og hugðu gott til glóðarinnar. Stuðningsmenn þeirra á áhorfendabekkjum engdust nánast af spenningi því þeirra menn voru einum manni færri. Þarna hefðu þeir hæglega getað unnið leikinn, en fundu ekki taktinn í sókninni sem fjaraði út. Valsmenn fengu því tækifæri til að gera út um leikinn og er sókn þeirra virtist einnig vera að sigla í strand náðu þeir skoti og inn fór knötturinn. Draumur ÍR-inga um að leika að nýju við Hauka um Íslandsmeistaratitilinn varð því að engu í Valsheimilinu vorið 2004. Höfðu þeir vonast til að geta hefnt úrslitanna frá lokaeinvíginu árið áður og unnið titilinn af Haukum en liðin skildu jöfn í báðum deildarleikjum sínum í millitíðinni.

Einar fyllti skarð Ragnars

Einar Hólmgeirsson fyllti vel skarð það sem markaskorarinn Ragnar Óskarsson skildi eftir sig er hann hélt í atvinnumennsku. Var Einar mjög atkvæðamikill veturinn 2003–04 og bókstaflega skaut mótherjana í kaf

Einar Friðrik Hólmgeirsson, leikmaður með meistaraflokki 1999–2004 er hann gerðist atvinnumaður með Grosswallstadt haustið 2004.

á stundum. Þannig fékk Grótta/KR að finna fyrir hrammi hans í undanúrslitum Íslandsmótsins þetta vor. Skoraði hann 15 mörk af 29 í fyrri leik liðanna, sem lauk 29:23. Var hann tekinn úr umferð nær allan seinni leikinn en skoraði samt átta mörk þá. Athygli vakti einbeiting ÍR-inga fyrir seinni leikinn. Hálftíma áður en hann hófst á Seltjarnarnesi stóðu þeir saman í hring og öskruðu hver í kapp við annan. „Það var ekki laust við að ruðningslið Nýja-Sjálands kæmi upp í hugann, þvílík var samheldnin, og gaf upphitun liðsins til kynna hvað var í vændum. ÍR-ingar náðu yfirhendinni í upphafi leiks, litu aldrei um öxl og sáu til þess að einvígi liðanna er lokið, 2:0," sagði Morgunblaðið. ÍR var fimm mörkum yfir í hálfleik, 17:12, en lokatölur urðu 35:27.

Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson, leikmaður með meistaraflokki 1989–1995 og síðar aðstoðar- og aðalþjálfari m.fl.

Sakir frammistöðu sinnar með ÍR og öllum landsliðum Íslands komst Einar, vinstrihandarskyttan stórefnilega, undir smásjá erlendra liða. Nokkur félög í Þýskalandi, Spáni og Danmörku höfðu á honum augastað en hann neitaði jafnan boðum um að fara til þeirra til reynslu. Á endanum tók hann slaginn og samdi við þýska úrvalsdeildarliðið Grosswallstadt. Til þess hélt hann að loknu Íslandsmóti vorið 2004, skömmu eftir að hafa verið útnefndur háttvísasti leikmaður mótsins. Einar hafði verið fremstur meðal jafningja og átt einna mestan þátt í velgengni ÍR þennan vetur og árin áður en hann fór utan. Því virtist um blóðtöku að ræða, rétt eins og þegar Ragnar fór í atvinnumennsku áður. Ingimundur Ingimundarson hafði verið afar traustur leikmaður um árabil við hlið Ragnars og síðar Einars. Batt hann liðið vel saman árið eftir – en þá sprakk út annar leikmaður, Bjarni Fritzson, sem sigldi ári á eftir Einari í atvinnumennsku til Frakklands. Hápunktur þess árs – 2005 – var glæsilegur sigur ÍR í bikarkeppni HSÍ.

Minnstu munaði að ÍR-ingar kæmust aftur í sjálft úrslitaeinvígið um Íslandsmeistaratitilinn í lok mótsins 2005. Eftir að hafa lagt KA frá Akureyri í tveimur leikjum í fyrstu umferð úrslitakeppninnar háðu þeir jafna og harða keppni við ÍBV í átta liða úrslitum um hvort liðanna léki til úrslita um titilinn. Sigurinn á KA tileinkaði Júlíus Jónasson þjálfari nýlátnum góðum ÍR-ingi, Hákoni Bjarnasyni, sem kvaddur var fyrr um daginn. Hann vann gríðarlega mikið starf í þágu félagsins og var m.a. formaður handknattleiksdeildar ÍR 1972–1979 og starfaði einnig mikið fyrir frjálsíþróttadeild félagsins. Ekki komst ÍR alla leið í úrslitaleikinn 2005 eins og tveimur árum áður, tapaði oddaleik við ÍBV í Eyjum og sagði Júlíus þjálfari það hafa verið einn lakasta leik liðsins undir sinni stjórn. Hann lét af starfi aðalþjálfara um vorið og gerðist aðstoðarþjálfari hjá Finnboga Sigurbjörnssyni sem verið hafði aðstoðarmaður Júlíusar. Hættu þeir svo báðir vorið 2006 og tók Erlendur Ísfeld þá við meistaraflokki ÍR.

Þriðja sætið varð hlutskipti ÍR í deildarkeppninni bæði 2003, 2004 og 2005, eins og áður segir, en í fyrra, 2006, urðu ÍR-ingar svo í áttunda sæti af 14 liðum í úrvalsdeild. Sem varð að teljast viðunandi því félagið hafði misst nær allt byrjunarliðið frá árinu áður í atvinnumennsku. Yngri og oft óreyndari leikmenn drógu vagninn og tryggðu liðinu áframhaldandi sæti í úrvalsdeildinnin 15. árið í röð. Sérstakt fagnaðarefni var að ÍR skyldi áfram vera meðal þeirra bestu er 100 ára afmæli félagsins rynni upp.

Labbi langbestur og valinn í heimslið fyrstur Íslendinga

Þekktastur af mörgum þekktum handknattleiksmönnum ÍR er Gunnlaugur Hjálmarsson, sem uppnefndur var Labbi og gengur undir því nafni manna á meðal. Hann var einn fremsti handknattleiksmaður landsins um árabil og meðal hinna bestu í heiminum. Hann tók þátt í heimsmeistaramótunum 1958, 1961 og 1964. Varð þriðji markahæsti maður HM 1961 og var valinn í heimslið eftir þá keppni. Er hann fyrsti íslenski íþróttamaðurinn sem valinn er í heimslið í nokkurri íþrótt. Gunnlaugur lék 24 ár í meistaraflokki ÍR, sem út af fyrir sig er einstakt afrek, og var yfirleitt í lykilhlutverki. Lék hann 325 leiki með meistaraflokki ÍR á árabilinu 1954–77.

Labbi lék 47 landsleiki á rúmum áratug og skoraði í þeim 166 mörk. Þá voru landsleikir strjálir. Frá 1950 til 1965 voru leiknir samtals 25 landsleikir eða álíka margir og á einu ári í seinni tíð. Af fyrstu 50 landsleikjum Íslands hafði Gunnlaugur leikið 44. Hann dvaldist um tíma hjá Fram og sem varaformaður ÍR varð hann Íslandsmeistari



Valinn í heimsliðið. Gunnlaugur Hjálmarsson í leik gegn Dönum á HM 1961 í Vestur-Þýskalandi.

með því liði 1964. Þá dvaldist hann um skeið í Bandaríkjunum og varð meistari þar í landi 1967.

Gunnlaugur var ákaflega litríkur, skemmtilegur og eftirminnilegur leikmaður. Hann átti það til, þegar ÍR var komið með örugga forystu í leikjum og stutt í leikslok, að upphefja alls konar boltakúnstir, leikaraskap og fíflalæti, einhvers konar blöndu af Gög og Gokke og Chaplin. Slík tilþrif kunnu áhorfendur sannarlega vel að meta. En þessi glettni kostaði hann sæti í landsliðinu um tíma.

Erlendur Ísfeld leikmaður með meistaraflokki 1988–1991 og síðar sigursælasti þjálfari ÍR.

„Ég hef alltaf litið á íþróttir sem skemmtun fyrir áhorfendur, fólk kemur til að skemmta sér og það hafði voðalega gaman af því ef fíflast var eitthvað bæði í tíma og ótíma. Í landsliðsnefnd voru

menn sem gátu aldrei neitt í íþróttum nema kannski að undanskildum Jóni Erlendssyni. Sumir þeirra voru mjög alvarlega þenkjandi og það mátti ekkert spauga. Ég var kallaður á fund hjá landsliðsnefndinni og settur stóllinn

Reykjavíkurmeistarar 1949.
Aftari röð frá vinstri: Hrönn Pétursdóttir, Ester Bjartmarsdóttir, Sigrún Þorgilsdóttir og Ása Kristinsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Erla Emilsdóttir, Halldóra Sigurðardóttir og Inga Magnúsdóttir.

fyrir dyrnar; annaðhvort settu þeir mig úr landsliðinu eða ég hætti að láta eins og fífl. Kornið sem fyllti mælinn var að hér fór fram landsleikur við Frakka í apríl 1966. Erlendur dómari komst ekki, varð veðurtepptur á leiðinni og birtist akkúrat þegar leikurinn var flautaður af. Því var brugðið á það ráð að láta formann franska sambandsins dæma fyrri hálfleikinn en hann var svo hlutdrægur að það var hrein heimska að vera að spila leikinn. Svo dæmdi Hannes Þ. [Sigurðsson] seinni hálfleikinn og það var helmingi verra. Hann dæmdi allt með Frökkunum, hvern einasta hlut, svo ég fór eitthvað að spauga. Það var gert mikið grín að þessu, bæði í blöðum og í húsinu. Og þá var ég kallaður á fund, Þjóðverjar voru að koma hingað og mér voru settir kostir. Þeir voru bara að sýna hver hefði völdin, mér var þetta ekkert það mikið kappsmál að ég færi að gera veður út af því, maður var í boltanum fyrst og fremst fyrir ánægjuna. Ég sagði bara; þið veljið landsliðið og ég spila leikina. Svo bara hafið þið þetta eins og þið viljið. Og þá fékk ég frí og Ingólfur [Óskarsson] gerður að fyrirliða. En svo var ég náttúrlega valinn í landsliðið í næsta leik á eftir," sagði Gunnlaugur við bókarhöfund.

Hér að framan hefur nær einvörðungu verið fjallað um handbolta karla en konur hafa líka gert garðinn frægan undir merkjum ÍR frá upphafi vega.

Liprar ÍR-stúlkur Reykjavíkurmeistarar kvenna

Konur æfðu handbolta frá byrjun í ÍR en þó tæplega nokkuð reglulega fyrr en upp úr seinna stríðinu. Varð flokkur ÍR t.a.m. neðstur sjö liða á Íslandsmótinu 1943 sem fram fór á Íþróttavellinum í Reykjavík. Æfingaleysi var um kennt og fullyrt að með meiri æfingu og góðum kennara væri árangur vís því „efni" væru fyrir hendi. Og það hlaut að koma að því að ÍR-stúlkurnar létu til sín taka og ynnu titla. Úr því rættist árið 1949

er meistaraflokkur kvenna vann sitt fyrsta mót, Reykjavíkurmótið. Liðið vakti athygli á mótinu 1948, kom talsvert á óvart með því að tapa einungis 0:1 gegn KR en bursta síðan Hauka 6:2. Í liðinu voru góðar stúlkur en þurftu aðeins meiri æfingu og keppnisvana, sögðu fjölmiðlar á þessum tíma.

Aðeins þrjú lið tóku þátt í Reykjavíkurmótinu 1949 en það dregur þó ekki úr sigri kvennaliðs ÍR því það mun hafa verið betra en önnur lið á þeim tíma. Meistarar Ármanns voru fjarverandi en í þeirra stað keppti lið Skandinavisk Boldklub (SBR) sem gestur. ÍR-stúlkurnar fengu þrjú stig, gerðu fyrst jafntefli við KR en unnu síðan Fram með 1:0. Þær þóttu allar liprar handknattleikskonur og áhugasamar fyrir íþróttinni og höfðu æft stöðugt í 3–4 ár. Þetta var í fyrsta sinn sem ÍR vinnur handknattleiksmót í kvennaflokki og fjölmiðlar fögnuðu sigri ÍR-liðsins. Þeim þótti það mikill ávinningur handknattleiksins vegna að ÍR skyldi bera sigur úr býtum. Með því ætti hverju félagi að skiljast að ekkert þeirra stæði hinum framar sem nokkru næmi, sögðu blöðin. Reykjavíkurmeistarar ÍR voru Málfríður Guðsteinsdóttir, Inga Magnúsdóttir, Hrönn Pétursdóttir, Ásta Kristinsdóttir, Erla Emilsdóttir, Sigrún Þorgilsdóttir og Esther Bjartmarsdóttir. Þjálfari liðsins var Hafsteinn Guðmundsson, sem kunnur varð sem landsliðsmaður í knattspyrnu úr Keflavík.

Allir kvennaleikirnir dæmdir tapaðir í sögulegu móti

Íslandsmótið utanhúss 1949 varð nokkuð sögulegt fyrir ÍR og ekki allir á eitt sáttir um framkvæmd þess og úrslit, en mótið var haldið í Vestmannaeyjum 7.–10. ágúst. ÍR gerði jafntefli, 1–1, í fyrsta leik gegn Snæfelli úr Stykkishólmi, tapaði 5–0 fyrir heimaliðinu Þór í öðrum leik en leiknum við Týr, hitt heimaliðið, lauk með markalausu jafntefli, 0–0, sem eru óvenjuleg úrslit í handbolta. Tveir síðustu leikirnir gengu betur því þá lögðu ÍR-stúlkurnar Fram að velli 4–1 og loks Íþróttabandalag Ísafjarðar 3–1. Voru þær því komnar með sex stig í þriðja sæti, Týs-stúlkurnar voru hlutskarpastar með átta stig og taplausar en Fram með sjö, hafði tapað leik sínum gegn ÍR. Þann leik kærði Fram að leik loknum á þeirri forsendu að ÍR-ingar hefðu mætt til leiks með danska stúlku í marki sem hafði ekki dvalið nógu lengi hér á landi til þess að mega taka þátt í landsmóti. Markvörður ÍR væri því ólöglegur keppandi í mótinu. Tóku nú málin nýja stefnu og heimastúlkur voru ekki krýndar meistarar þótt með besta liðið væru.

Vegna kæru Fram voru allir leikir hins ágæta liðs ÍR dæmdir félaginu tapaðir. Var það þó ekki úrskurðað fyrr en liðið hafði lokið öllum leikjum sínum í mótinu og í ritdeilum um málið var sú skoðun í ljós látin að það væri aftan að siðunum farið að keppa við það félag sem menn fyrirfram vissu að væri ólöglegt í stað þess að mótmæla fyrir leik og krefjast úrskurðar áður

en keppt skyldi. En vegna úrskurðarins urðu Týr og Fram jöfn að stigum og héldu allir að liðin skyldu leika til úrslita um titilinn. Úr því sem komið var hefði það líklega verið eðlilegast að liðin reyndu með sér að nýju og kepptu til úrslita. En nýjar reglur, sem farið höfðu framhjá flestum, kváðu á um að markahlutfall réði röð þegar stigin væru jöfn. „Einhvers staðar var reglugerð um markafjölda," sögðu heimamenn, „sem bjargaði Fram frá úrslitaleiknum." Féll titillinn því Fram í skaut eftir næturlangt þref og stímabrak og sættust menn ekki á það fyrr en staðfesting hafði borist frá ÍSÍ næsta dag.

ÍR-liðið sótti í sig veðrið með hverjum leik og orð fór af jöfnu og skemmtilegu spili liðsins. Danska stúlkan, sem lék í marki ÍR, sýndi fádæma kunnáttu og leikni við að verja markið og var langbesti markvörðurinn á mótinu. „ÍR-ingar léku allra liða skemmtilegast þegar líða tók á mótið, leikur þeirra var ákaflega léttur og ekkert lið notaði hinn stóra völl eins vel og þeir. ÍR-stúlkurnar eiga ábyggilega eftir að ná langt ef þær halda saman og æfa dyggilega," sagði Þjóðviljinn.

Varð að stöðva kvennaleikinn sakir æsings áhorfenda

Árið eftir, eða 1950, átti ÍR-liðið góðan möguleika á að hreppa Íslandsmeistaratitilinn í kvennaflokki en þegar upp var staðið munaði aðeins einu stigi á ÍR og Fram, sem hampaði titlinum. Hafði ÍR-liðið á að skipa sterkum einstaklingum, aðalstyrkleikinn var skothörð og samstillt framlína, en spilið þótti að öðru leyti slakt. Unnu ÍR-stúlkurnar tvo fyrstu leikina, gegn Skandinavisk Boldklub (SBR) og KR, en gerðu síðan jafntefli í þremur síðustu, gegn Haukum, Ármanni og Fram, og hlutu því sjö stig. Mættust ÍR og Fram í síðasta leik mótsins og var því um hreinan úrslitaleik að ræða. ÍR varð að sigra til að vinna mótið en Fram, sem var með keppnisvanasta kvennaliðið og því harðara í horn að taka, dugði jafntefli. Sú varð og niðurstaðan, 4:4, eftir mjög harða keppni. Svo voru áhorfendur æstir í þessum leik að dómarinn varð að stöðva leikinn til að draga úr hávaða þeirra svo heyrst gæti í flautu hans.

En þrátt fyrir þessa góðu frammistöðu var kyrrstaða í liðinu og það var jafnvel sagt í afturför í fjölmiðlum. Er og sem botninn detti úr starfi kvennaflokksins og liðið flosni upp því um haustið vörðu stúlkurnar ekki Reykjavíkurtitil sinn frá 1949. Ein ástæðan er sú að félaginu hélst illa á langskólafólki en keppnisliðin voru að miklu leyti skipuð skólastúlkum sem hurfu er þær tókust á hendur æðri menntun. Liðu mörg ár þar til ÍR sendi kvennalið á ný til keppni í mótum. Reynt var að halda úti kvennaflokki og auglýst eftir stúlkum til æfinga í ársbyrjun 1951 en afraksturinn varð lítill. Lagðist kvennahandboltinn niður og var ekki iðkaður svo heitið getur í félaginu fyrr en á ofanverðum áttunda áratugnum.

Endurreisn að frumkvæði Guðmundar Þórarinssonar

Tilraun var gerð á árunum 1958–61 til að endurreisa kvennahandboltann í ÍR en bar frekar lítinn árangur og aftur lagðist þessi þáttur starfsins af. Það sættu menn innan handknattleiksdeildarinnar sig þó ekki við. Því var aftur látið til skarar skríða og stofnaðir kvennaflokkar að nýju veturinn 1967-68. Var þar um að ræða ungar stúlkur, 11–13 ára, sem Guðmundur Þórarinsson tók að sér að þjálfa. Hann sá um stofnun flokksins sem starfaði af miklum áhuga. Vann hann að uppbyggingu kvennaflokkanna þar til hann varð að láta af störfum eftir rúmlega tveggja ára starf vegna anna. Undir stjórn Guðmundar fjölgaði fljótlega í kvennahópnum svo að árið 1970 voru flokkarnir orðnir þrír, 2., 3. og 4. flokkur. Starfaði Ásgeir Elíasson, síðar landsliðsþjálfari í knattspyrnu, að þjálfun þeirra með Guðmundi í fyrstu, síðan tók Jón Magnússon við þjálfuninni.

Kvennaflokkar ÍR tóku ekki þátt í landsmótum um tveggja áratuga skeið, eða frá 1950 til 1970. Og þátttakan í Íslandsmótinu 1970 varð nokkuð söguleg, eins og áður, því 3. flokkur bar sigur úr býtum, vann mótið með glæsibrag. Tapaði aðeins einu stigi, vann fimm leiki sína af sex og gerði eitt jafntefli. Lagði KR, Val, Ármann, Fram og Fylki að velli og gerði jafntefli við Víking. Skoraði 31 mark en fékk á sig 16. En um síðir kom í ljós að ein stúlkan í liðinu reyndist nokkrum dögum of gömul og því var liðið dæmt úr leik!

Fyrsti Íslandsmeistaratitillinn í kvennaflokki vinnst 1978

Þriðja vaxtartímabil kvennahandboltans í ÍR hófst er Guðmundur stofnaði flokkana fyrir 40 árum. Svo hratt efldist

3. flokkur kvenna 1978. Efri röð frá vinstri: Guðrún Ásta Lárusdóttir, Hildur Bender, Áslaug Gísladóttir, Steinunn Hall, Kolbrún Jónsdóttir, og Úlfar Steindórsson þjálfari. Neðri röð frá vinstri: Ásta Björk Sveinsdóttir, Björg Ingþórsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Kristín Anna Arnþórsdóttir og Ásta Óskarsdóttir.

starfið að meistaraflokkur kvenna var stofnaður við upphaf Íslandsmótsins 1972 og tók hann þátt í 2. deild. Svo sem vænta mátti var árangur hans slakur fyrstu árin enda stöðug vöntun á frambærilegum stúlkum í hann. Tímamót urðu á þessu tímabili er 3. flokkur kvenna varð Íslandsmeistari 1978. Var það jafnframt fyrsti Íslandsmeistaratitill ÍR í handbolta kvenna. Og árangurinn var einstaklega glæsilegur því liðið vann alla leiki sína níu í mótinu, bæði í riðli og úrslitakeppni, en 20 félög tóku þátt í því. Litlu munaði að 2. flokkur léki sama leikinn því hann varð í öðru sæti í Íslandsmótinu af 23 liðum eftir að hafa unnið sinn tíu liða riðil.

Stúlkurnar í meistaraliðinu höfðu æft og leikið saman meira og minna frá því þær voru tíu ára gamlar, en í lið-

inu voru Kristín Anna Arnþórsdóttir og Björg Ingþórsdóttir markverðir og útispilararnir Hanna Katrín Friðriksson fyrirliði, Ásta Óskarsdóttir, Ásta Björk Sveinsdóttir, Áslaug Gísladóttir, Ásta

Íslandsmeistarar 2. deildar kvenna 1981. Aftari röð frá vinstri: Ásta Breiðfjörð Gunnlaugsdóttir, Ásta Björk Sveinsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Sigurbergur Sigsteinsson þjálfari, Svanlaug Inga Skúladóttir, Sigurrós Erlendsdóttir og Ásta Óskarsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Bára Jóhannsdóttir, Erla Rafnsdóttir, Kristín Anna Arnþórsdóttir, Fjóla Jóna Þorleifsdóttir, Edda B. Herbertsdóttir, Aðalheiður Gunnarsdóttir fyrirliði og Jóhanna Erlendsdóttir.

Halldórsdóttir, Bára Jóhannsdóttir, Hildur Bender, Kolbrún Ólafsdóttir, María Jónsdóttir og Steinunn Hall. Kjarninn úr þessum hópi átti eftir að gera ÍR að stórveldi í handknattaleik á næstu 5–6 árum undir leiðsögn þjálfarans, Sigurbergs Sigsteinssonar.

Og það var ekki einungis að flokkurinn ynni alla leiki sína í mótinu heldur var liðið ósigrað á Íslandi. Allt keppnisárið lék hann 19 kappleiki og tapaði aðeins tveimur og voru það tveir af sex leikjum við erlend lið á móti úti í löndum. Úrslitaleikurinn á Íslandsmótinu á móti helstu keppinautunum úr Haukum var sögulegur. Leikurinn einkenndist af mikilli spennu og baráttu á báða bóga þar sem varnarleikurinn var í fyrirrúmi. Þetta hafði áhrif á markaskor en leiknum lauk með 2:1-sigri ÍR. Gleði fyrirliðans, Hönnu Katrínar, var tvöföld þennan dag. Nokkrum klukkustundum fyrir síðasta leikinn gekk hún upp að altarinu ásamt jafnöldrum sínum og var fermd. Minnstu munaði reyndar að hún yrði tvöfaldur meistari þennan dag því hún lék einnig með 2. flokki sem varð í öðru sæti.

Stórveldi rís í handknattleik kvenna

Nokkrar af stúlkunum höfðu færst upp í 2. flokk sem varð Reykjavíkurmeistari 1980 með fullu húsi stiga, skoruðu 51 mark gegn átta. Þær bættu svo Íslandsmeistaratitlinum í 2. flokki 1981 við sig seinna um veturinn. En til þess að hampa honum urðu þær að leika aukaúrslitaleik við Hauka. Hann unnu þær 7–3.

Þjálfari 2. deildar liðs meistaraflokks ÍR haustið 1980 rataði í nokkurn vanda er stúlkurnar komust alla leiðina í úrslit Reykjavíkurmótsins. Mótherjar þeirra þar voru 1. deildar lið Fram. Enginn hafði reiknað með því að ÍR kæmist svo langt og vandinn var sá að Sigurbergur Sigsteinsson þjálfaði bæði liðin. Það þótti sumpart nokkuð neyðarleg uppákoma en Sigurbergur sýndi hlutleysi í sjálfum leiknum.

Stúlkurnar sigursælu voru og uppistaðan í ÍR-liðinu sem varð Íslandsmeistari 2. deildar 1981. Í riðlakeppninni unnu þær alla fimm mótherja sína í tvöfaldri umferð, unnu 10 leiki og skoruðu 120 mörk gegn 38. Hlutu því 20

stig í A-riðli en Stjarnan varð önnur með 14 stig. Stærsti sigurinn var gegn Ungmennafélagi Njarðvíkur (UMFN) sem ÍR vann 31:3. B-riðil vann Þróttur og hlaut 15 stig. Í úrslitaleiknum varð lið Þróttar hinum kraftmiklu ÍR-stúlkum engin hindrun en þær unnu leikinn 20:12.

Til að undirstrika ágæti kvennaflokka ÍR varð 2. flokkur kvenna einnig Íslandsmeistarar þetta árið og þriðji flokkur í þriðja sæti. Meistaraliðið í 2. deild skipuðu Kristín Anna Arnþórsdóttir, Fjóla Jóna Þorleifsdóttir og Edda B. Herbertsdóttir markverðir, Aðalheiður Gunnarsdóttir fyrirliði, Bára Jóhannsdóttir, Jóhanna Erlendsdóttir, Ásta Björk Sveinsdóttir, Svanlaug Inga Skúladóttir, Sigurrós Erlendsdóttir, Ásta Óskarsdóttir, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Erla Rafnsdóttir og Hanna Katrín Friðriksson. Ásta varð síðar ein helsta knattspyrnukona landsins og fyrir handboltaiðkunina var hún landsliðskona í frjálsíþróttum. Erla og Hanna Katrín áttu eftir að leika oftsinnis með landsliði Íslands, fyrst sem ÍR-ingar en seinna undir merkjum annarra félaga. Með þeim í landsliðinu léku úr ÍR Kristín Anna markvörður og Ingunn Bernótusdóttir.

Segja má að ekkert lát hafi verið á velgengni liðsins upp úr 1980 því sumarið 1982 bætti það Íslandsmeistaratitlinum utanhúss við afrekaskrá sína. Lögðu ÍR-stúlkurnar alla mótherja sína í mótinu, FH, Hauka, Fram og Val. Vegleg afmælisgjöf það sem stúlkurnar gáfu félagi sínu á 75 ára afmælisárinu. Og jafnframt fyrsti Íslandsmeistaratitillinn sem ÍR vinnur í utanhússmótinu, sem

2. flokkur kvenna 1981–1982. Aftari röð frá vinstri: Thelma Theodórsdóttir, Svandís Grétarsdóttir, Berghildur Gunnarsdóttir, Bára Jóhannsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Birna Björnsdóttir og Súsanna Gunnarsdóttir. Miðröð frá vinstri: Hafdís Hafsteinsdóttir, Linda Guðmundsdóttir, Lilja Þorsteinsdóttir, Rósa Sveinsdóttir og Klara Guðmundsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Guðlaug Pálsdóttir, Herdís Sigurðardóttir, Kristín Þorleifsdóttir, Kristín Anna Arnþórsdóttir, Inga Guðmundsdóttir og Hrafnhildur Sigþórsdóttir.

nú hefur verið lagt niður. Var sigur stúlknanna í mótinu öruggur. Að öðrum ólöstuðum voru Hanna Katrín Friðriksson, Ingunn Bernótusdóttir og Ásta Óskarsdóttir burðarásar liðsins ásamt Sveinbjörgu Jónsdóttur, sem varði fjögur vítaskot í lokaleiknum gegn Val, sem ÍR vann 10:5. Leikurinn var óvenjulegur sakir þess að fyrsta markið var ekki skorað fyrr en eftir 15 mínútur og voru Valsstúlkur þar að verki, úr þriðja vítaskotinu sem þær fengu. ÍR skoraði síðan fjögur í röð og í hálfleik stóð 5:2, en eftir það var sigurinn aldrei í hættu og fjórða liðið lagt að velli því áður hafði ÍR unnið Hauka, Fram og FH.

Í þessu tímamótaliði voru auk Hönnu Katrínar, Ingunnar, Ástu og Sveinbjargar þær Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, síðar menntamálaráð-

herra, Erla Rafnsdóttir, Aðalheiður Gunnarsdóttir [systir Jóhanns Inga þjálfara], Guðný Guðjónsdóttir, Ástrún Jónsdóttir, Svanlaug Skúladóttir, Ásta Sveinsdóttir og Áslaug Einarsdóttir. Þjálfari var Sigurbergur Sigsteinsson og liðsstjóri Vilhjálmur Sigurgeirsson, sem gerði garðinn frægan með ÍR á sjöunda og áttunda áratugnum.

3. flokkur kvenna 1981–1982. Aftari röð frá vinstri: Elínbjörg Gunnarsdóttir, Aðalbjörg Karlsdóttir, María Kristjánsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Sólveig Þorleifsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Vigdís Arnarsdóttir, Vera Ísaksdóttir, Ester Sigurbergsdóttir, Sif Guðjónsdóttir, Bryndís Jóhannsdóttir og Guðlaug Ingvadóttir.

Tóku Reykjavíkurmótið eins og stormsveipur

ÍR kom með enn eina sprengju, sagði Vísir eftir að ÍR-stúlkurnar höfðu lagt hið fræga meistaraflokkslið Vals að velli og einnig KR í Reykjavíkurmótinu í nóvember 1981. Sýnt þótti að ÍR væri á leiðinni með mjög öflugt kvennalið. Fyrsti leikurinn var við KR og komu úrslitin á óvart. KR-stúlkurnar skoruðu fjögur fyrstu mörkin og komust svo í 9:4, en þá skoruðu ÍR-stúlkurnar sjö mörk í röð, breyttu stöðunni í 11:9 sér í hag og unnu svo leikinn 17:14. Eftir þriðja sigurleikinn, gegn Fylki, öðlaðist ÍR rétt til að leika til úrslita um Reykjavíkurmeistaratitilinn 1981. Og lokadagur mótsins var eftirminnilegur fyrir liðsmenn félagsins. „ÍR nýtt stórveldi í handknattleik kvenna“ sagði í fyrirsögn Vísis 9. nóvember 1981.

Daginn áður átti ÍR lið í úrslitaleik í þremur flokkum á Reykjavíkurmótinu og bar sigur úr býtum í þeim öllum. Varð Reykjavíkurmeistari í meistaraflokki kvenna og í 1. og 2. flokki stúlkna einnig. Fyrst voru Víkingar lagðir að velli í 1. og 2. flokki en rúsínan í pylsuendanum var svo er ÍR-stúlkurnar unnu margfalda Íslands- og Reykjavíkurmeistara Fram í meistaraflokki 15:13. Jafnt var á með liðunum framan af leik. Fram hélt í við ÍR upp í 7:7 en eftir það skildi á milli og sigur blasti við ÍR. Voru liðin 32 ár frá því félagið hampaði Reykjavíkurtitlinum í kvennaflokki.

ÍR-stúlkurnar komu verulega á óvart á sínu fyrsta ári í 1. deild, veturinn 1981–1982. Urðu þær eina liðið sem bar sigurorð af FH í mótinu. Unnu hafnfirskar stöllur sínar 13:12, í 13. og næstsíðustu umferð.

Óhætt er að segja að hátindi hafi handknattleikur kvenna náð hjá ÍR er meistaraflokkur félagsins varð bikarmeistari HSÍ árið 1983 eftir að hafa líka komist alla leið í bikarúrslitin árið áður, en tapað þá gegn Fram. Úrslitaleikurinn 29. apríl var á móti stórliðinu Val og var jafn og spennandi frá upphafi til enda. ÍR-stúlkurnar voru undir í hálfleik, 8:9, en gáfu sig hvergi. Á lokamínútunni tryggði Þorgerður K. Gunnarsdóttir liðinu sigur. Alla jafna lék hún á línunni en smeygði sér í gegnum Valsvörnina og skoraði úrslitamarkið. Leiknum lauk með eins marks sigri ÍR, 18:17. Stúlkurnar sem kórónuðu þannig glæsilegan feril sinn voru: Sveinbjörg Jónsdóttir, Guðlaug Pálsdóttir, Hrafnhildur Skúladóttir, Svanlaug I. Skúladóttir fyrirliði, Ingunn Bernótusdóttir, Erla Rafnsdóttir, Ásta Björk Sveinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Þorgerður Katrín, Ásta Óskarsdóttir, Kristín Anna Arnþórsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson og Áslaug Einarsdóttir.

Glæsilegu skeiði lýkur með hruni flokka vegna þrenginga í deildinni

Ekki tókst að byggja frekar á þessari miklu sigurgöngu kvennaflokkanna því upp úr 1980 gengu í garð miklar þrengingar í handknattleiksdeild ÍR, bæði fjárhagslegar og félagslegar. Að einhverju leyti var það afleiðing ráðningar danska þjálfarans Bents Nygaard. Stjórn deildarinnar gufaði bókstaflega upp 1983 og við forsvari hennar tók Pétur Ingi Frantzson. Gott dæmi um ástandið er að finna í skýrslu stjórnar deildarinnar 1984 þar sem Pétur kemst

Bikarmeistarar kvenna 1983.
Aftari röð frá vinstri: Sveinbjörg Jónsdóttir, Guðlaug Pálsdóttir, Hrafnhildur Sigþórsdóttir, Svanlaug Skúladóttir, Ingunn Bernótusdóttir, Erla Rafnsdóttir, Ásta Björk Sveinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Vilhjálmur Sigurgeirsson liðsstjóri og Sigurbergur Sigsteinsson þjálfari.
Fremri röð frá vinstri: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ásta Óskarsdóttir, Krístín Anna Arnþórsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson og Áslaug Pálsdóttir.

svo að orði: „Formanni gekk illa að ná stjórninni saman á fundi og var enginn formlegur fundur haldinn, en þess í

3. flokkur kvenna 1987.
Aftari röð frá vinstri: Matthíasson þjálfari, Erla Magnúsdóttir, Þuríður Hrund Hjartardóttir, Svava Sigurðardóttir, Þorbjörg Margeirsdóttir, Anna Katrín Sveinsdóttir, Ásta Kristín Svavarsdóttir, Helena Hallgrímsdóttir, Ragnheiður Jóhannesdóttir og Kristín Aðalsteinsdóttir.
Fremri röð frá vinstri: Sólveig Hólm, Hafdís Einarsdóttir, Unnur Jóhannesdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Vilborg Ragna Ágústsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir.

stað voru nokkrir óformlegir fundir.“ Svo fór að meistaraflokkur karla féll alla leið niður í 3. deild 1984 og hefur ekki hnigið lægra í sögu félagsins.

Kvennaflokkarnir tórðu þó enn. Meistaraflokkurinn var orðinn topplið á Íslandi, svo sem að framan er rakið. Varð Reykjavíkurmeistari, vann Fram í úrslitaleik og hafnaði í þriðja sæti í Íslandsmótinu 1984 eftir harða keppni við Fram og FH. Liðið lék svo til úrslita í bikarkeppni HSÍ þriðja árið í röð en beið lægri hlut, aftur fyrir Fram. Fór það því af velli með silfurverðlaun öðru sinni á þremur árum og ein gullverðlaun. Þá varð 1. flokkur einnig Reykjavíkurmeistari 1984 eftir úrslitaleik við Val. Enn var Sigurbergur við stjórnvölinn en er hann hætti þjálfun kvennaflokkanna datt botninn eiginlega úr starfi þeirra. Stúlkurnar reyndu þó að þrauka áfram sjálfar. Fyrirliðinn, Hanna Katrín, reyndi að halda starfinu gangandi en stóð á endanum ein, sem er hverjum manni ofraun. Deildin mátti horfa á eftir meistaraflokki kvenna yfirgefa félagið og á næstu árum voru ÍR-stúlkurnar burðarásinn í nokkrum sterkustu kvennaliðunum, svo sem Fram, Val og Stjörnunni.

Taplaus vetur hjá ÍR-stúlkum 1995–96

Upp úr miðjum níunda áratugnum gekk kvennaflokkunum brösuglega og var ekki að undra eftir hremmingar deildarinnar. Eini flokkurinn sem starfaði 1986 og 1987 var 3. flokkur, en á honum skyldi byggt til næstu ára og kvennaflokkar efldir á ný. Áhugi ungu stúlknanna var einnig mikill og árangurinn góður. Þær urðu í öðru og þriðja sæti á Reykjavíkurmótunum þessi fyrstu ár sín og komust í úrslit á Íslandsmótinu, töpuðu úrslitaleik um þriðja sætið seinna árið með aðeins einu marki. Í þessum hópi voru meðal annarra Svava Sigurðardóttir, sem lék síðar í landsliði, Þorbjörg Margeirsdóttir, systir Hrafns markvarðar, Erla Magnúsdóttir, Magnea Sverrisdóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, Þuríður Hjartardóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Unnur H. Jóhannsdóttir markmaður, Ragnheiður Jóhannesdóttir, Anna Katrín Sveinsdóttir og Kristín Aðalsteinsdóttir.

Meistaraflokkur var stofnaður eina ferðina enn árið 1989. Ekki vantaði efniviðinn því stúlkur úr honum völdust í unglingalandslið. Flokkurinn gufaði

þó fljótt upp aftur og eftir það og fram á tíunda áratuginn var áhersla lögð á að byggja upp yngri flokka í þeirri von að öflugur meistaraflokkur yrði til í framtíðinni.

Það starf virtist á mjög góðri leið er 4. flokkur kvenna náði einstaklega góðum árangri veturinn 1995–96. Að undanskildum tveimur jafnteflisleikjum unnu ÍR-stúlkurnar alla leiki sína á Íslandsmótinu, bikarkeppninni og Reykjavíkurmótinu. Þær léku einnig allar í 3. flokki sem einnig sigraði á Íslandsmótinu í þeim flokki. Jafnaldrar stúlknanna í 4. flokki karla urðu einnig Íslandsmeistarar vorið 1996. Lykilinn að sigurgaldrinum fann stúlknaliðið á alþjóðlegu handknattleiksmóti í Austurríki sumarið 1995. Þar kynntust þær hreyfanlegum og sterkum varnarleik sem þær tileinkuðu sér. Reyndist hann andstæðingum þeirra óþægur ljár í þúfu.

ÍR hefur hins vegar gengið upp og ofan að halda úti meistaraflokki í kvennahandboltanum í seinni tíð. Liðið sem teflt var fram í Íslandsmótinu 1999 og aftur 2001 varð í neðsta sæti í bæði skipti. Önnur tilraun var gerð með sameiginlegu liði Fylkis og ÍR 2003. Það samstarf þótti ekki bera tilætlaðan árangur, liðið varð í 8. sæti af 10 liðum, og var hætt ári seinna. Í ljósi sögunnar má segja að bylgjugangur einkenni starf og árangur kvennaflokka ÍR í handbolta.

Þriðji flokkur sigursæll

Það var ekki einungis kvennaliðið sem færði ÍR sigur á Reykjavíkurmótinu 1949, það gerði 3. flokkur drengja einnig. Urðu ÍR, KR og Fram jöfn

Reykjavíkurmeistarar.
3. flokkur karla 1954 og Íslandsmeistarar 1953.
Aftari röð f.v.: Matthías Ásgeirsson, Hermann Samúelsson, Sigurður Bjarnason og Ólafur Jónsson.
Fremri röð f.v.: Valur Tryggvason, Guðlaugur Sveinsson og Pétur Sigurðsson.
Á myndina vantar Þorleif Einarsson, þjálfara.

að stigum í lok móts, hvert félag með sex, en ÍR vann þar sem hlutfall settra og fenginna marka var því hagstæðara en hinna félaganna. Í liði ÍR voru leikmenn sem áttu eftir að koma við sögu í öðrum flokkum og jafnvel leika í landsliði síðar meir, en liðið skipuðu: Helgi Hallgrímsson, síðar vegamálastjóri, Pétur Pálmason, Ólafur Örn Arnarson, síðar yfirlæknir, Skúli Kjartansson, Ingólfur Örnólfsson, Þorgeir Þorgeirsson, síðar yfirlæknir, og Jóhann Guðmundsson læknir.

Um 1950 gætti deyfðar í starfinu en nýtt líf færðist í handknattleik ÍR árið 1954 er 3. flokkur karla vann Reykjavíkurmótið. Eftir það miðaði starfsemi deildarinnar í rétta átt og aldrei höfðu fleiri sótt æfingar deildarinnar en einmitt afmælisárið 1956–57,

eða milli 40 og 50 manns að staðaldri. Fjölmennastir voru 2. og 3. flokkur, en þar komu tvö til þrjú lið til æfinga í hvorum flokki.

Þriðji aldursflokkur sem færði ÍR Reykjavíkurmeistaratitil 1954 var yfirburðalið sem vann alla leikina sína fimm og fékk því fullt hús stiga, skoraði 53 mörk en fékk 21. Flokkurinn varð einnig Íslandsmeistari 1953 en í liðinu voru Matthías Ásgeirsson, Hermann Samúelsson, Sigurður Bjarnason, Ólafur Jónsson, Valur Tryggvason, Guðlaugur Sveinsson og Pétur Sigurðsson. Og sagan endurtók sig á afmælisárinu 1957 er 3. flokkur færði félaginu þriðja titilinn í þeim flokki í afmælisgjöf. Fæstir spáðu ÍR þá sigri gegn Þrótti í úrslitaleik, sem

Hallgrímur í leik í Seljaskóla.

varð mjög spennandi og jafn út í gegn. Er ein mínúta var eftir var staðan 5:5 en á síðustu stundu tókst ÍR að skora markið sem réð úrslitum.

Flokkurinn komst í seilingarfjarlægð við Íslandsmeistaratign 1955 en þá lék 3. flokkur ÍR til úrslita í Íslandsmótinu. Vann liðið A-riðil mótsins með fullu húsi stiga, eða sex, en beið ósigur fyrir Fram, 14:8, í úrslitaleik. Vegna þess hve margir æfðu handknattleik í þriðja flokki á þessum tíma var efnt til keppni B-liða á mótinu. ÍR, Valur, KR og Fram sendu lið og vann ÍR alla leikina.

Í öðru sæti á stærsta handboltamóti heims

Ungir ÍR-ingar hafa oftlega borið hróður félags og þjóðar út fyrir landsteina. Það á við um 5. flokk sem þátt tók í Partille-bikarnum svonefnda í Svíþjóð sumarið 1991. A- og B-lið tóku þátt frá ÍR en alls kepptu 39 lið víðs vegar að úr Evrópu og Taívan í þessum flokki á mótinu. Okkar menn unnu sína riðla örugglega og komust síðan bæði ÍR-liðin upp úr milliriðlum og voru þar með komin bæði í átta liða úrslit. Þar drógust þau hins vegar saman í fyrstu atrennu útsláttarkeppni og eftir jafnan og skemmtilegan leik hafði A-liðið betur. Í undanúrslitum dróst það á móti austurrísku liði og var leikið klukkan átta að morgni síðasta keppnisdags. Vann ÍR hann 12:8 eftir hörku viðureign þar sem jafnt var á öllum tölum þar til í lokin að ÍR-ingar sigu fram úr.

Draumurinn um að komast í úrslitaleik var orðinn að veruleika. Hann fór fram í stórri og glæsilegri íþróttahöll fyrir troðfullu húsi áhorfenda og var stemningin ólýsanleg. Mótherjarnir voru geysisterkt lið frá Taívan sem

unnið hafði mótið í þessum aldursflokki undanfarin ár. Leikurinn hafði allt til að bera sem einkennir skemmtilegan úrslitaleik, spennu, hraða, jafnan og spennandi leik. ÍR-ingar urðu þó að játa sig sigraða eftir hetjulega baráttu þar sem lokatölur urðu 13:9. Til að kóróna frammistöðuna var Ragnar Þór Óskarsson valinn maður leiksins en hann átti stórleik. Ragnar Þór varð síðan einn helsti markaskorari meistaraflokks ÍR og landsliðsins, en fyrir nokkrum árum lá leiðin hjá honum í atvinnumennsku, aðallega í Frakklandi. Af öðrum framtíðarstjörnum ÍR í liðinu má nefna Ingimund Ingimundarson sem einnig lagðist í víking atvinnumennskunnar fyrir nokkrum árum, eftir að hafa gert garðinn frægan með ÍR.

Hallgrímur Jónasson markvörður, félagi þeirra Ragnars og Ingimundar úr ÍR, stóð sig afar vel á Norðurlandamóti unglingalandsliða í Noregi 1988. Var hann í mótslok valinn markvörður úrvalsliðs mótsins.

Sigurgísli í fyrsta Reykjavíkurúrvalinu og Ingvi í fyrsta úrvalsliði Íslands

ÍR átti mann í fyrsta úrvalsliðinu sem sögur fara af í handbolta. Sigurgísli Sigurðsson, einnig kunnur langhlaupari, lék með úrvali Reykjavíkur sem keppti við og burstaði Hafnarfjarðarúrval í fyrstu bæjarkeppni landsins. Var hún háð 5. mars 1947 í íþróttahúsinu við Hálogaland. Reykjavíkurliðið var miklum mun betra og einnig hagnýttu Reykvíkingarnir sér miklu betur hinar nýju leikreglur sem notaðar voru. Skipta mátti um þrjá menn á vellinum hvenær sem var leiks og mönnum þannig gefið tækifæri til að

Úr leik í Hálogalandi. Í bakgrunni má sjá prúðbúinn dómara með flagg í hendi.

hvílast. Það notuðu Hafnfirðingar sér ekki sem skyldi. Markamunurinn var mikill. Reykvíkingar unnu með 35 mörkum gegn níu. Fyrri hálfleikinn unnu þeir 21:3 en þann seinni 14:6.

ÍR átti líka sinn fulltrúa í fyrsta úrvalsliði Íslands, Ingva Guðmundsson. Íslenskir handknattleiksmenn fengu í fyrsta sinn tækifæri til að leika gegn erlendu liði er I.F.K. Kristianstad frá Svíþjóð kom í heimsókn, fyrst erlendra handknattleiksliða, árið 1947. Var það kærkomið fyrir alla unnendur þessarar íþróttar, sem orðnir voru fleiri en flestra annarra greina sem iðkaðar voru í landinu. Lék sænska liðið fjóra leiki hér og hafði ekki dvalið í landinu í fullar þrjár stundir er það hafði lagt úrvalslið Íslands að velli 18:7.

Sigurgísli Sigurðsson

Þar voru á ferð góðir og vel þjálfaðir íþróttamenn, liðið áberandi samstillt og ákaflega hreyfanlegt í leik sínum. Sýndi það margar nýjungar sem okkar menn lærðu af, í sókn sem vörn. Íslendingarnir komu sjaldan skoti á markið í fyrri hálfleik og þá bolta sem sluppu inn fyrir varði markmaðurinn. Unnu Svíar fyrri hálfleik, sem var 25 mínútur, 8:0 og þótt þeir kæmust í 10:0 í upphafi þess seinni var meira jafnræði í skori í seinni hálfleik. Ingvi Guðmundsson lék í fyrsta leiknum gegn Svíunum, 29. maí 1947.

Ingvi Þorsteinsson í fyrsta landsliði Íslands

Afráðið var haustið 1949 að Ísland skyldi taka þátt í heimsmeistarakeppni sem halda átti í Svíþjóð í febrúar 1950. Var hópur manna valinn til að hefja landsliðsæfingar að loknu Reykjavíkurmeistaramótinu í nóvember 1949. Í honum voru tveir leikmenn úr ÍR, Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur og Rúnar Bjarnason, síðar slökkviliðsstjóri í Reykjavík. Einum manni var falið að velja hópinn og þjálfa, sem var nýbreytni, en það var ÍR-ingurinn Sigurður Magnússon. Var undirbúningur liðsins til fyrirmyndar. Meðal annars lék það æfingaleik gegn B-liði sem sérstaklega var valið í þeim tilgangi og í því var ÍR-ingurinn Þorleifur Einarsson. Landsliðið vann æfingaleikinn 15:10 og hélt svo utan með Gullfaxa.

Á síðustu stundu var hætt við heimsmeistarakeppnina vegna ónógrar þátttöku. Menn héldu þó sínu striki og þáðu boð Svía um að koma og keppa við þá en einnig var leikið við Dani í ferðinni, sem landsliðsmennirnir urðu að greiða að hluta til sjálfir. Reyndust mótherjarnir ofjarlar okkar en ferðin markaði tímamót í sögu handknattleiksins hér á landi. Rúnar sat eftir heima en Ingvi var valinn til fararinnar. Lék hann gegn Dönum í seinni leiknum. Liðið keppti fjóra leiki á fimm dögum ytra og var ferðalagið því nokkuð erfitt. Lék það fyrst við Svía í Lundi 15. febrúar og unnu heimamenn 15:7. Frammistaðan var talin góð því Svíar höfðu á að skipa besta handknattleiksliði heimsins. Næstu tvo daga var leikið við bæjarlið í Svíþjóð og tapaði liðið 9:17 í Trelleborg og í Engelholm 7:12 á þriðja degi. Liðið var óvant að leika á svo stórum völlum sem keppt var á og dönsk blöð sögðu Íslendinga vanta góða skotmenn og úthald þótt liðið væri betra en landslið Norðmanna og Finna.

Íslenska liðið var auðveldari bráð Dönum sem unnu 20:6 í Kaupmannahöfn 20. febrúar eftir að staðan í hálfleik var 9:3. Var það lakasti leikur liðsins í ferðinni. Mun það hafa verið b-lið Dana sem lék, samkvæmt fréttastofufregnum, því alið Dana lék sama dag við Svía og vann 13:7. Leikirnir við Dani og Svía voru yfirleitt mun harðari en Íslendingar áttu að venjast og meiddist einn þeirra [Jón Erlendsson] t.d. það mikið að flytja varð hann í sjúkrahús. Þessi fyrsta utanreisa íslenska landsliðsins í handknattleik varð engin sigurför, sem ekki var við að búast, þar sem viðurkennt var að

Svíar og Danir áttu bestu handknattleikslið heimsins. Þetta er því enginn „dauðadómur“ yfir íslenskum handknattleik, sagði Morgunblaðið, heldur örvun til frekari dáða.

Þorleifur lék fyrsta landsleikinn á heimavelli

Þriðji landsleikur Íslands í handbolta og jafnframt sá fyrsti á heimavelli var við Finna. Var leikið á Melavellinum í logni og hita 23. maí 1950 og urðu úrslitin jafntefli, 3:3. Nefnd sem skipuð var til að undirbúa leikinn valdi 20 menn til æfinga og voru tveir ÍR-ingar í þeim hópi, Gunnar Haraldsson og Þorleifur Einarsson. Þegar kom að vali landsliðsins hlaut einungis Þorleifur náð fyrir augum nefndarinnar og lék stöðu hægri framherja. Val hans þótti þó koma á óvart þar sem hann var yngstur liðsmanna, einungis 18 ára. Um hann var sagt að hann hefði góða knattmeðferð. En þótt Íslendingar næðu jafntefli höfðu Finnar betri knattmeðferð og árangursríkara spil, að sögn fjölmiðla.

Það var mikill fengur fyrir íslenska handknattleiksmenn er sænsku snillingarnir í IFK Kristianstad komu til Íslands í maí 1954 í boði HKRR og léku fjóra leiki. Hafði erlent lið ekki komið frá því finnska landsliðið lék hér fjórum árum áður. IFK var á sínum tíma fyrsta erlenda liðið sem kom hingað til keppni í handknattleik, en þá lærðu Íslendingar nýjar leikaðferðir og kynntust nýrri tækni sem þeir bjuggu lengi að. Það varð Svíþjóðarmeistari 1952 og 1953 og í öðru sæti 1954. Úrvalslið Reykjavíkur lék fyrsta og fjórða leikinn gegn Svíunum og var Gunnar Bjarnason úr ÍR meðal leikmanna þess. Fyrri leikinn unnu gestirnir 15:12 og þann seinni 9:7.

Hafnarfjarðarmótið í ÍR-húsinu

ÍR-húsið við Túngötu, nú varðveitt í Árbæjarsafni, hefur verið vettvangur margra ólíkra íþróttaviðburða um dagana. En ætli einhvern skyldi hafa órað fyrir því að þar ætti dag nokkurn eftir að fara fram meistaramót Hafnarfjarðar í einhverri íþrótt? Það hljómar ef til vill sérkennilega en er engu að síður raunin. Handknattleiksmót Hafnarfjarðar fór fram í ÍR-húsinu sunnudaginn 15. febrúar 1948 og keppt var í sex flokkum. FH vann fjóra þeirra, þar af meistaraflokka beggja kynja, en Haukar tvo. Af frásögn Sportblaðsins af mótinu má ætla að salurinn í ÍR-húsinu hafi verið mun stærri, þótt lítill væri, en sá sem liðin höfðu til æfinga í heimabænum. Mótið er sagt hafa farið í alla staði vel fram og áhorfendur voru allmargir.

Erlendir þjálfarar komu snemma til ÍR

Daninn Henning Isachsen dvaldi hér í Reykjavík árið 1947 og annaðist kennslu í handknattleik hjá ÍR fram á vorið 1948. ÍR-ingum fannst þjálfun hans mjög gagnleg og náði hann ágætum árangri með kennslu sinni, enda var Isachsen sjálfur þaulreyndur handknattleiksmaður. Ekki

Ingólfur P. Steinsson

reyndist þrautalaust að fá fyrir hann atvinnuleyfi. Félagsmálaráðuneytið hafnaði beiðninni í fyrstu þar sem menntamálaráðuneytið, íþróttafulltrúi og stjórn Íþróttakennarafélags Íslands höfðu mælt á móti leyfi fyrir hann. Leyfið fékkst þó um síðir og kenndi Isachsen ekki bara hjá ÍR eingöngu heldur einnig hjá Fram og Víkingi.

Haustið 1948 var Þjóðverji að nafni Fritz Buchloh ráðinn sem handknattleiksþjálfari og fimleikakennari til ÍR og kaup hans ákveðið 1.200 krónur. Lítið varð úr þjálfun hans þann vetur þar sem hann þurfti að fara af landi brott í nokkrar vikur stuttu seinna. Buchloh réðst seinna til ÍR sem fimleikaþjálfari eða í ársbyrjun 1950. Um tíma þjálfaði Ewald Mikson handknattleiksmenn ÍR upp úr 1950 og loks réð ÍR þjálfara frá Danmörku, Bent Nygaard, þáverandi unglingalandsliðsþjálfara Dana, sem kom til landsins sumarið 1980 og þjálfaði ÍR-liðið um tveggja ára skeið. Var það dýrkeyptur biti því ráðningin reyndist bæði fjárhagslega og félagslega illa staddri deildinni ofviða. Afleiðingarnar voru rjúkandi rúst, í íþrótta- og félagslegu tilliti. Ekki var staðið við samninga við Nygaard sem stefndi félaginu fyrir dóm. Á endanum, í byrjun desember 1983, náðist þó sátt í málinu fyrir milligöngu dómara í bæjarþingi Reykjavíkur. Í stað þess að inna greiðslur af hendi í samræmi við sáttarorðið fram á næsta sumar greiddi aðalstjórn ÍR sáttina að fullu fyrir hönd deildarinnar tíu dögum eftir að hún tókst, 240.000 krónur.

Duglegir að bjóða liðum til landsins

ÍR-ingar voru oftast fyrstir til ýmissa aðgerða á íþróttasviðinu en þegar aðrir urðu fyrri til vildu þeir engir eftirbátar verða og gerðu slíkt hið sama hið snarasta. Þannig hófst handknattleiksdeild ÍR handa haustið 1947 um að fá hingað norska landsliðið til keppni vorið 1948.

Norska handknattleikssambandið ákvað að senda hingað tíu manna flokk um miðjan maí er leika skyldi fjóra leiki. Er nær dró treysti sambandið sér þó ekki til að leggja út í ferðina. Í stað þess að leggja árar í bát sneri handknattleiksdeildin sér til Danmerkur. Tóku Henning Isaksen, þjálfari ÍR, Jón Björnsson, formaður deildarinnar, Ingvi Guðmundsson, Axel Konráðsson, formaður ÍR, og Ingólfur Steinsson, ritari félagsins, að sér að komast í samband við einhver góð dönsk handknattleiksfélög og reyna að fá hingað upp 10–12 manna flokk. Eftir að heimsóknin var komin á tóku þrír nafntogaðir ÍR-ingar, Benedikt G. Waage, forseti ÍSÍ, Helgi Jónasson frá Brennu og Sigurpáll Jónsson, fyrrverandi formaður ÍR, sæti í undirbúningsnefndinni vegna annasams undirbúnings. Meðal annars þurfti nefndin að kljást við Viðskiptanefndina svonefndu, en lög um hana kváðu á um að enginn mætti koma eða fara frá landinu nema með sérstöku leyfi hennar. Fengu Axel formaður og Brennu-Helgi það vandasama verk að fá leyfi hennar fyrir því að flokkurinn kæmi hingað upp.

Hingað bauðst ÍR að fá úrvalslið úr tveimur bestu handknattleiksfélögum Danmerkur, þ.e. HG og Ajax, um miðjan maí. Skilmálarnir voru þeir að ÍR sæi um ferðina til Íslands og uppihald allt en dönsku félögin um heimferðina. Við fyrsta tækifæri myndi svo flokki frá ÍR verða boðið til Danmerkur. Far fékk ÍR fyrir flokkinn með flugvélinni Heklu 17. maí og skyldi hann leika hér annan hvern dag, alls fjóra leiki. Hingað komu tólf manns, tveir fararstjórar, sem voru formaður og ritari HG, fjórir leikmenn úr Ajax og sex úr HG. Ajax var Danmerkurmeistari innanhúss á þessum tíma og HG í þriðja sæti og með sama stigafjölda og liðið sem hreppti annað sætið. Þrír leikmannanna sem hingað komu voru þá í danska landsliðinu og sá fjórði í ellefu manna utanhússliði auk þess sem tveir keppendanna voru í landsliði danskra „æskumanna“.

ÍR-ingar báru Danina á höndum sér

Fyrst Norðmenn hættu við að koma og þegar fyrir lá að danskt úrvalslið kæmi í staðinn vissu menn þegar í stað að sigurvonir okkar liða voru nokkuð víðs fjarri því Danir voru ekki síðri Svíum, sem taldir voru sterkastir í heiminum. Og eins og vænta mátti fór danska liðið ósigrað, en heimsóknin þótti þó hafa heppnast að öllu leyti mjög vel og frammistaða Íslendinganna fara langt fram úr áætlun. Báru ÍR-ingar Danina á höndum sér og hlutu mikið lof gestanna. Daginn eftir komuna fóru þeir með gestina í skoðunarferð að Reykjum í Mosfellssveit og skoðuðu hitaveituna, en þaðan var farið í Skíðaskálann og borðað. Og daginn eftir leik ÍR-inga við danska flokkinn fór hann í boði bæjarstjórnar Reykjavíkur til Þingvalla, Gullfoss og Geysis og um kvöldið að Selfossi. Í kveðjuhófi sem flokknum var haldið á Hótel Borg 24. maí, daginn fyrir brottförina, færði fararstjóri Dananna ÍR að gjöf handbolta sem öll nöfn leikmanna voru skrifuð á af þeim sjálfum. ÍR færði félögunum tveimur sinn fálkann hvoru úr íslenskum leir og hverjum leikmanni bókina Ísland í myndum með skrautrituðu nafni viðkomandi leikmanns.

Strax fyrsta kvöldið léku Danirnir við úrvalslið úr Reykjavíkurfélögunum á Íþróttavellinum. Komu þeir hingað til bæjarins nokkru fyrir klukkan átta að kvöldi með Skymasterflugvél Loftleiða, Heklu, og klukkan hálftíu hófst leikurinn. Áður en hann hófst bauð Benedikt G. Waage dönsku handknattleiksmennina velkomna fyrir hönd ÍR en áhorfendur tóku undir með ferföldu húrrahrópi og síðan voru þjóðsöngvar landanna leiknir. Leiknum lyktaði með sigri Dana, 15:11, sem þóttu sanngjörn úrslit en Íslendingarnir sýndu þó oft ágætan leik og voru sagðir hafa tekið miklum framförum frá fyrra ári.



Ingvi Guðmundsson

Á þriðja degi léku Danirnir við Val og unnu þá 16:9. Fór sá leikur fram á Hálogalandi. Þar léku þeir svo við gestgjafana ÍR föstudaginn 21. maí 1948 sem höfðu styrkt lið sitt með

þremur mönnum úr öðrum félögum. ÍR-liðið var þannig skipað: Ingólfur Steinsson, Ingvi Guðmundsson, Gísli Ásmundsson, Ingvi Þorsteinsson, Jón Björnsson, Henning Isachsen, Egill Skúli Ingibergsson, Kjartan Magnússon (Ármanni), Sigurður Norðdahl (Ármanni) og Bjarni Guðnason (Víkingi).

Dönum þótti íþróttahúsið á Hálogalandi lítið.

ÍR skoraði fleiri mörk hjá Dönum en önnur lið

Aðsókn var mikil að þessum leik sem öðrum. Enn unnu Danir og nú 20:13 en ÍR-ingunum tókst þó að skora hjá þeim fleiri mörk en í nokkrum öðrum leik. Byrjuðu ÍR-ingar leikinn og náðu strax nokkrum markskotum en þau voru máttlaus og öll varin. Fyrsta mark ÍR setti Kjartan á 10. mínútu en þá höfðu Danir skorað þrjú. Bættu þeir við þremur og komust í 6:1 áður en Egill Skúli Ingibergsson bætti við öðru marki ÍR á 15. mín. Tvö til viðbótar skoruðu Danir og staðan 2:8 en á síðustu fjórum mínútum skoraði ÍR-liðið fjögur mörk gegn einu, fyrst Bjarni, þá Sigurður og loks Bjarni tvö, svo leikar stóðu 9:6 fyrir gestina er flautað var til leikhlés.

Vart er hægt að segja að ÍR-liðinu hafi tekist að velgja Dönum undir uggum því þeir juku forskot sitt í 12:6 á fyrstu sex mínútum seinni hálfleiks. Á næstu tveimur mínútum skoruðu þeir þó sitt markið hver, Kjartan, Bjarni og Norðdahl, 9:12. Rétt á eftir skora Danir 13. mark sitt en Sigurður skoraði svo á 13. mínútu og Bjarni rétt á eftir svo leikar stóðu allt í einu 11:13. Spenna var nú mikil á áhorfendapöllunum og ríkti talsverð eftirvænting. En vonin um sigur þvarr fljótt því Danir settu fjögur mörk á næstu fimm mínútum. Kjartan minnkaði muninn aftur í 13:17 með tveimur mörkum á 19. og 21. mínútu en eftir það skoraði ÍR-liðið ekki mark en Danir þrjú og unnu 20:13.

Leikurinn var oft fjörugur og mjög skemmtilegur á köflum. Í liði ÍR voru styrktarmennirnir bestir og mikill munur á þeirri framlínu og ÍR-framlínunni. Um þennan leik sem og hina þrjá sagði danski fararstjórinn, Svend Lauridsen, að Danir hefðu ekki gert ráð fyrir neinni verulegri keppni frá íslensku liðunum, en íslenskir handknattleiksmenn væru miklu betri en þeir hefðu reiknað með. Efniviður væri hér góður en tæknilega séð vantaði nokkuð á leik okkar manna.

Lærðist að beita varð brellum líka

Til stóð að lokaleikurinn yrði á Hálogalandi en þó að þeim fyndist hér nokkuð kalt vildu Danirnir spila hann á íþróttavellinum þar sem þeir voru óvanir svo litlum leikvangi sem í Hálogalandi var. Úrslitin þóttu geta farið á báða vegu í hálfleik er staðan var 4:3 fyrir Dani. Menn spurðu hvort þeir ætluðu að þakka þá gestrisni sem þeir mættu hér á landi með því að leyfa heimamönnum að vinna einn leik. En slíkar hugsanir komast sjaldnast að hjá íþróttamönnum þegar á hólminn er komið og í seinni hálfleik gerðu Danir út um leikinn með því að skora fimm mörk á fyrstu tíu mínútunum og breyta stöðunni í 9:3 sér í hag. Sú beiðni þeirra að spila úti var klók því litli völlurinn í Hálogalandi átti líklega sinn þátt í því að í sókninni þjöppuðu íslensku leikmennirnir sér venjulega á miðju vallarins en kantarnir voru mannlausir og því auðveldara að verjast Íslendingunum. Þeir gleymdu landrýminu og „frelsinu“ úti. Lyktaði leiknum með 10:7-sigri Dana sem fóru ósigraðir heim, sem fyrr segir.

Íslendingarnir lærðu það af þessari heimsókn að ekki dygði að fara einungis eftir reglum til að fá fram sigur heldur varð að beita brellum og helst þann veg að dómarinn kæmi ekki auga á þær. Danir beittu tveimur leikbrellum. Annars vegar gripu þeir í mitti íslensku varnarleikmannanna og héldu þeim niðri svo liðsmenn þeirra gætu óáreittir skotið. Hins vegar kipptu þeir niður höndum varnarmanna sem höfðu þær uppréttar til varnar og köllluðu svo á hina til að skjóta. Þessar brellur ollu íslensku keppendunum talsverðu ergelsi.

Heimsókn Hassloch vendipunktur í handbolta á Íslandi

Í tilefni 50 ára afmælis félagsins stóð handknattleiksdeild ÍR fyrir því að fá þýska liðið Hassloch hingað til lands í apríl 1957. Var það eitt sterkasta handknattleikslið Þýskalands, hafði tíu sinnum orðið meistari Suðvestur-Þýskalands, og í fyrsta sinn sem þýskir handknattleiksmenn koma í heimsókn til Íslands. Svo vel tókst til að leikina ber enn á góma meðal handknattleiksmanna og íþróttaunnenda. „Það er einhver allra besta heimsókn sem íslenskur handbolti hefur fengið. Svo þétt setinn bekkurinn á Hálogalandi að áhorfendur lágu inni á gólfinu,“ segir Þorleifur Einarsson, sem var aðalhvatamaðurinn að samskiptunum við Hassloch og lengi forsprakki hand-

knattleiksmanna ÍR. Þorleifur var á stundum allt í senn, formaður handknattleiksdeildarinnar, þjálfari og burðarásinn í liðinu.

Svo mikill ÍR-ingur var hann að handboltalið ÍR var alltaf langbest í huga hans, sama hvernig leikurinn fór.

Böðvar Böðvarsson markmaður ÍR.

Fyrsti leikur Hassloch var við gestgjafana úr ÍR 9. apríl og hrósuðu Þjóðverjarnir knöppum sigri, 24:22, eftir hraðan, tvísýnan og skemmtilegan en nokkuð harðan leik. Vakti góð frammistaða ÍR athygli og einnig leikurinn, en Morgunblaðinu sagðist svo frá: „Strax í upphafi fékk þessi leikur annan svip en leikir þeir sem fram hafa farið að Hálogalandi undanfarna mánuði. Þjóðverjarnir rígbinda ekki menn sína ýmist í sókn eða vörn. Það er leikur um allan völlinn, barátta um að ná knettinum, en ekki beðið eftir því að hann lendi í marki, út fyrir endamörk eða í varnarvegg leikmanna. Hraði, hraði og aftur hraði er viðlag leiksins. Hvort hér er um réttmætari leið eða vænlegri til sigurs að ræða eða ekki, skal ekki um dæmt, en skemmtilegri verður leikur, markafleiri, því allt verður lausara og ekki eins lokað og þvingað. Hitt er víst, að handknattleikurinn verður skemmtilegri á að horfa, breytist úr einhæfum og síendurteknum varnar- og sóknarstellingum í frjálslegan leik, þar sem svo margt gerist á vellinum, að vart verður auga á fest.“

Hassloch-bragðið, eða sirkusmark, sést í fyrsta sinn hér á landi

Og þarna sást hið svokallaða Hassloch-bragð. Því lýsir blaðið sem svo að tveir landsliðsmenn liðsins hafi unnið mjög skemmtilega saman að því að skora. Bakvörðurinn hafi gefið hægan bogaknött yfir varnarlínu ÍR og sóknarmaðurinn hoppað um leið af línu að marki og slegið knöttinn inn. Hafi það verið laglegt bragð og síendurtekið. Þjóðverjar höfðu oftast eins til tveggja marka forystu en ÍR-ingar jöfnuðu nokkrum sinnum og komust yfir 18:17 er langt var liðið á leik. Á lokamínútunum var úthald sýnilega þrotið hjá hvorum tveggja en kraftur Þjóðverjanna þó meiri og lauk leiknum með tveggja marka mun þeim í vil, 24:22. Gunnlaugur Hjálmarsson var hin skæra stjarna ÍR-liðsins þetta kvöld, ódrepandi í sókn og vörn og skoraði tíu af mörkum ÍR. Böðvar Böðvarsson markvörður átti og einhvern sinn besta leik með ÍR og Þorleifur Einarsson var liðinu ómissandi, öruggur og traustur, að sögn blaðanna. „Í heild var liðið samstillt og vann þarna einhvern sinn stærsta sigur, þótt tveggja marka munur skildi á milli þeirra og þessa Evrópufræga liðs,“ sagði Morgunblaðið.

Tveimur dögum seinna lagði Hassloch að velli Reykjavíkurúrval, 16:14, í daufari leik en þeim fyrsta og voru fjórir ÍR-ingar í úrvalinu, Matthías Ásgeirsson, Hermann Samúelsson, Gunnlaugur og Þorleifur. Í tvísýnum og skemmtilegum leik lögðu þýsku gestirnir Reykjavíkurmeistara KR einnig, 14:12. Þá var haldið hraðmót sem var mót hinna óvæntu úrslita því Hassloch tapaði öllum sínum leikjum! Fyrst tefldi það fullu liði fram gegn ÍR en beið lægri hlut, 12:11, og við það virtist það missa áhugann því í næstu leikjum, gegn Val og Fram, tefldi það fram varamönnum og fararstjórum, þeir bestu hvíldust fyrir lokaleikinn gegn Íslandsmeisturum FH. Að sögn Morgunblaðsins var Þorleifur Einarsson án vafa bestur einstakra leikmanna í hraðmótinu og sagði blaðið hann að verða einn besta handknattleiksmann landsins.

Hékk á teinum upp við loft við útvarpslýsingu

Síðasti leikur Hassloch í heimsókninni til ÍR var gegn FH-ingum og lyktaði viðureign liðanna með jafntefli, 20:20. Voru gestirnir sáttir við úrslitin því það var sjöundi leikur þeirra á átta dögum en FH-ingar mættu óþreyttir til leiks.

Leikir Hassloch eru mörgum minnisstæðir, ekki síst Sigurði Sigurðssyni íþróttafréttamanni útvarps í áratugi, sem getur hans sérstaklega í æviminningum sínum er út komu 30 árum seinna. Þegar hann kom inn eftir að Hálogalandi, svo sem hann var vanur, og bjóst við að fá almennilegt sæti eins og venjulega blasti við óvænt sjón: Salur sem hafði troðfyllst hálftíma fyrir leik. Góð ráð voru dýr en að endingu var honum komið fyrir uppi undir lofti á stálteinum sem héldu húsinu saman og lýsti leiknum þaðan. Um atburðinn segist honum svo: „Einhver erfiðasta raunin sem ég lenti í á Hálogalandi var að lýsa leik gegn þýsku handboltaliði, sem hét Hassloch. Íþróttahúsið á Hálogalandi tók í mesta lagi 500 áhorfendur en þetta kvöld voru á milli átta og níu hundruð manns í húsinu og ég fékk hvergi sæti. Ég varð að klifra upp í rimlana á veggjunum til þess að hafa yfirsýn yfir völlinn og þar hékk ég í 40 mínútur meðan ég lýsti seinni hálfleik. Ég hélt mér með annarri hendi í rimlana en var með hljóðnemann í hinni. Þetta var einhver mesta þrekraun sem ég hef lent í um dagana. Ég var lengi að finna á mér hægri handlegginn eftir leikinn, svo dofinn var hann orðinn.“

Seldu miklu fleirum miða en hægt var að koma inn í Hálogaland

„Íþróttalega var þetta mjög góð heimsókn, við lærðum Hassloch-bragðið, öðru nafni sirkusmark, þ.e. að senda bolta inn í teiginn þar sem línumaðurinn stökk inn og blakaði honum í markið,“ segir Þorleifur Einarsson. „En þeir lærðu einnig séruppfinningu ÍR, að sentra yfir markvörð í vítaköstum. Er það bragð sem uppgötvað var í einhverri snjóaæfingu hjá okkur. Sá fyrsti sem fékk það bragð á sig var Stefán Hallgrímsson í Val í bæjarhlutakeppni. Hann var búinn að verja og verja hjá okkur Austurbæingunum en þá var það að við Helgi Hallgrímsson höfðum verið tveir að æfa kúnstir af ýmsu tagi og ég ákvað að prófa eina

þeirra; að láta knöttinn detta yfir hann í víti. Hann var búinn að verja eins og berserkur en bragðið heppnaðist og eftir það varði hann ekki skot því það var hlegið svo mikið að honum er ég vippaði yfir hann."

Gunnlaugur Hjálmarsson sést hér í Seljaskóla dæma leik ÍR. Stórskyttan sem lætur vaða er Sigfús Orri Bollason ÍR-ingur, síðar kvensjúkdómalæknir.

ÍR-ingar fengu FH til að spila við Hassloch á Hálogalandi og efndu til forsölu aðgöngumiða í Hafnarfirði. Þar seldust fleiri miðar en hægt var að koma inn í húsið. Þeir voru ekkert að flýta sér í bæinn þegar þeir voru búnir að tryggja sér miða en megnið af Hafnfirðingunum komst ekki inn því einnig var selt við dyrnar. Um miðasöluna sá Gunnlaugur Hjálmarsson og lýsing hans ber vott um gullgraftarstemningu. „Ég var í rykfrakka að selja miða og peningakassinn orðinn fullur. Varð ég því að setja peningana í vasana en þar kom að þeir fylltust og þá reif ég fóðrið úr vösunum til þess að peningarnir færu innar í frakkann. Svona gekk ég í gegnum þvöguna," sagði hann. Ekki kættust þeir sem keypt höfðu miða og komust svo ekki inn en tæplega helmingi fleiri var þó hleypt inn en húsið rúmaði.

„Heimsóknin var vendipunktur í handboltanum á Íslandi, því við fáum allt í einu lið að utan sem var mjög gott, sem sýnir nýjan leik. Við lékum norrænan bolta en þeir þýskan og miklu agaðri handbolta. Lærðum við og önnur lið mikið á þessu," segir Þorleifur Einarsson.

Hver mínúta leiks kostaði hálfa krónu

En það voru fleiri en Sigurður útvarpsmaður sem áttu erfitt með að segja frá heimsókninni og blaðamenn komust jafnvel ekki inn í Hálogalandshúsið. „Hörkuleikur að sögn" hljóðaði fyrirsögn Morgunblaðsins eftir leik Hassloch og FH. „Því miður er ekki hægt hér í blaðinu að skýra frá gangi leiksins, því blaðamaður Morgunblaðsins fékk ekki aðstöðu til að sjá þennan leik. Sömu sögu hafa fréttamenn annarra blaða að segja. Forráðamenn ÍR sáu ekki ástæðu til að ætla blaðamönnum aðstöðu til að geta sagt frá þessum

leik. Hafa þó blaðamenn ekki gert illa við ÍR að undanförnu og allra síst í sambandi við þessa heimsókn …," sagði Morgunblaðið. Fleiri orðum fór blaðið um samskipti fjölmiðla og íþróttafélaga í greininni en vék svo að sölu aðgöngumiða að leikjum Hassloch og sagði: „Ýmislegt fleira hefur farið miður í sambandi við þessa heimsókn. Á síðasta leikinn var um hreint okur á miðum að ræða. Miðinn kostaði 25 krónur fyrir fullorðna, þ.e. næstum hálf króna fyrir hverja mínútu leiksins. Slíkt hefur ekki áður þekkst að Hálogalandi. Þar við bætist að svo mörgum var seldur aðgangur að leiknum að stór hluti fólksins sá ekkert. Það voru ekki aðeins blaðamenn sem voru afskiptir."

Máttu vel við una árangur í keppnisför til Þýskalands

ÍR-ingar endurguldu heimsóknina með Þýskalandsför um haustið 1957. Var það fyrsta utanför handboltamanna ÍR. Héldu þeir utan 13. nóvember með ungt lið, meðalaldur leikmanna var 19 ár og allir keppendurnir, að þremur undanskildum, í 2. aldursflokki. Lék liðið alls 16 leiki á níu dögum. Vann fimm, tapaði tíu og gerði eitt jafntefli. Alls settu ÍR-ingarnir 109 mörk gegn 121 og gefur sú útkoma öllu réttari mynd af frammistöðunni í heild og sýnir hve leikirnir voru jafnir. Mótherjarnir voru einungis þýsk 1. deildarlið eða þá meistarar frá öðrum löndum, t.d. léku ÍR-ingar þrívegis við júgóslavnesku meistarana frá Zagreb og Norður-Afríkumeistarana Oran frá Alsír, auk þess sem þeir kepptu við úrval frá Strasbourg í Frakklandi. „Sé tekið tillit til þess að ÍR-ingarnir eru flestir í 2. aldursflokki, 17–19 ára, verður að telja frammistöðu þeirra mjög athyglisverða," sagði íþróttablaðið Sport og undir það tóku önnur blöð. Blaðið sagði að utanförin ætti eftir að koma íslenskum handknattleiksmönnum að góðum notum við undirbúning að fyrirhugaðri þátttöku okkar í heimsmeistarakeppninni 1958.

Meistaraflokksleikmenn í Hassloch 1957.

Í utanförinni tóku þátt Þorgeir Þorgeirsson, Böðvar Böðvarsson, Erlingur Lúðvíksson, Guðlaugur Sveinsson, Pétur Sigurðsson, Ólafur Jónsson, Þorleifur Einarsson, Gunnlaugur Hjálmarsson, Hermann Samúelsson, Gestur Sigurgeirsson og Valur Tryggvason. Greiddu leikmennirnir allan sinn kostnað sjálfir og fór handboltadeildin ekki fram á neinn styrk frá aðalstjórn ÍR til fararinnar. Auk þessara fékk félagið Guðjón Jónsson að láni frá Fram til að fylla skarð Matthíasar

Gestur Sigurgeirsson, ÍR-ingur gegnum súrt og sætt. Gestur var leikmaður með ÍR 1957–1961 en var síðar ötull dómari og þjálfari fyrir ÍR.

Ásgeirssonar sem meiddist tveimur dögum fyrir utanför og komst ekki með. Var hann kominn með farseðil í hendur en slasaðist og varð að leggjast inn á spítala.

Leikið í horni flugskýlis í Strasbourg við lítið ljós

„Ferðin út var ekki skemmtileg, Þjóðverjarnir ofskipulögðu hana," sagði Gunnlaugur við bókarhöfund. „Við vorum notaðir eins og sirkusdýr ásamt Oran og Zagreb. Þeir voru búnir að selja okkur um allt Westfalen og þar í kring. Sendu okkur eins og sirkus og svo komu alltaf þrjú þýsk lið á móti. Fyrsti leikurinn var í Strasbourg í Frakklandi, í geysistóru flugvélaskýli því íþróttahús var ekki það fyrsta sem menn byggðu eftir stríð. Það var alveg dýrlegt því handboltavöllurinn var af stærstu gerð, 20 x 40 metrar, en þó eins og smáblettur úti í einu horni skýlisins."

Mótið í Strasbourg á öðrum degi ferðarinnar var hraðmót. Gólfið var steinsteypt og glerhált og lýsing slæm. Viðbrigðin voru því mikil frá Hálogalandi og „við náðum ekki góðum leikjum þetta kvöld", sagði Þorgeir Þorgeirsson. Á mótinu kepptu úrvalslið frá Strasbourg, Oran, og lið þýska félagsins Freiburg, sem var í 2.sæti í fyrstu deild á suður-þýska svæðinu. Í fyrsta leiknum tapaði ÍR fyrir Freiburg 10:4, en mætti síðan Oran og vann 6:4. Loks lék ÍR við úrvalslið Strasbourg og sigraði með yfirburðum, 10:4. Varð því lið ÍR í öðru sæti á mótinu og hlaut auðlaunum bikar frá Evrópuráðinu, sem einnig gaf sigurvegurunum bikar.

Í fljúgandi hálku í höllinni í Freiburg

Næst var keppt í glæsilegri íþróttahöll í Hassloch, sem var ævintýri fyrir ÍR-ingana því í bænum snerist allt um handknattleik og voru nálægt 3.000 manns í húsinu sem rúmar þó ekki nema 2.300 manns í sæti. Leikvöllurinn var 22 x 44 metrar, leiktími 2 x 15 mín. og tóku þátt í mótinu auk Hassloch og ÍR liðin Oran og Zagreb, sem hafði í liði sínu m.a. sex landsliðsmenn.

Zagreb vann ÍR verðskuldað í fyrsta leik 8:6 og var það 29. sigur liðsins í röð. Í liðinu voru aðeins háskólaborgarar sem höfðu rúman æfingatíma. Unnu þeir til dæmis allir á sama stað og héldu hópinn stöðugt. ÍR lá fyrir Hassloch, 11:4, en heimamenn áttu góðan leik og voru hvattir fast. Léku þeir einnig fast því ÍR-ingar áætluðu að þeir hefðu fengið dæmd um 60 aukaköst á brot þeirra eða tvö á mínútu. En aldrei dæmdu þýskir dómarar vítaköst og því fór það oftast svo að það lið sem braut leikreglur hagnaðist á brotinu.

Í Freiburg var leikið í hraðmóti 19. nóvember, leikið í 2 x 10 mínútur á 20 x 40 metra velli. Hið glæsilega hús var troðfullt, tók 4.000 manns í sæti. Freiburg vann ÍR, nú með 11 mörkum gegn sjö. Í næsta leik vann Oran ÍR með 7:6 og í hinum þriðja vann Zagreb ÍR með 10:5. ÍR-ingar sögðust hafa leikið illa þetta kvöld, enda verið á ferð allan daginn. Þessar sífelldu ferðir milli staða þreyttu þá margfalt meira en leikirnir. Í fyrsta sinn á ævinni lentu þeir í hálku á gólfi íþróttahallarinnar í Freiburg, vegna hitans og útgufunar leikmanna settist rakahúð ofan á gólfið svo það varð rennsleipt. „Við þorðum varla að hreyfa okkur því þá áttum við á hættu að liggja kylliflatir, vorum í vitlausum skóm fyrir þessar aðstæður, bara í venjulegum kaupfélagsstrigaskóm," segir Gunnlaugur.

Bestu leikirnir á risagólfinu í Hanau

Og ekkert lát varð á ferðalögum því daginn eftir var keppt í St. Ingbert í Saar. ÍR-ingarnir mættu meira að segja of seint og var beðið eftir þeim. Undirbúningurinn var ekki sem bestur því keppt var eftir stanslausa ferð án matar frá kl.10–18. Zagreb vann ÍR með 8:6 og okkar menn töpuðu fyrir 1. deildar liði St. Ingbert með 8:5. En þeir fengu rönd við reist í síðasta leik kvöldsins, gegn Oran. Vann ÍR með 12:5 og var það besti leikur liðsins til þessa.

Frá St. Ingbert lá leiðin til Hanau þar sem keppt var 22. nóvember. Þar átti ÍR sína bestu leiki í ferðinni. Vann fyrst Offenbachers Kickers með 11:10, en þeir voru þá næstefstir í 1. deild á Herzen-svæðinu, og gerði jafntefli, 12:12, við Steinheim sem var númer þrjú í sömu deild. Og völlurinn var eitthvað sem ÍR-ingar höfðu aldrei kynnst eða 25 x 50 metrar á trégólfi, sem er rúmlega fjórum sinnum stærri flötur en var í Hálogalandi. Húsið var eign bandaríska varnarliðsins. Steinheim vann Zagreb 7:5 en Júgóslavarnir unnu svo Offenbach.

Síðasta mótið var í Wiesbaden daginn eftir og leiktíminn 2 x 7,5 mín. ÍR keppti fyrst við úrvalslið Strasbourgar og vann með 8:2. Tapaði síðan fyrir Einstrach 3:5 en það var lélegasta liðið sem ÍR mætti í ferðinni. Síðasti leikur ferðarinnar var við Birkenau. Þeir urðu meistarar á sínu svæði 1956 og höfðu fyrr á árinu keppt við Þýskalandsmeistara Kiel og unnið þá með 10:7. Birkenau-liðið lék maður gegn manni allan leikinn og voru ólöghlýðnir mjög á mælikvarða ÍR-inga. Komust í 5:0 en þá tóku ÍR-ingar að beita brögðum Birkenaumanna og leika álíka hart og þeir. Með þeim árangri að stöðva sókn þeirra og saxa á forskotið en leiknum lauk 5:4 Birkenau í vil.

Niðurstaða ÍR-inganna er þeir komu heim úr ferðinni var að munurinn á ÍR-liðinu og þýsku 1. deildar liðunum hefði verið minni en þeir bjuggust við. Einstaklingar í þýsku liðunum væru sterkari og hefðu yfirleitt betra vald á knettinum og betri tækni. Oft var það einkennandi að allir leikmenn – t.d. í Freiburg – voru jafngóðar skyttur.

Erlingur Lúðvíksson, leikmaður með meistaraflokki og síðar formaður handknattleiksdeildar.

Gimsteinarán stöðvað í Köln

Flestir ÍR-inganna voru í sinni fyrstu utanlandsferð. Óvanir stórborgarbragnum og hrekklausir. Áttuðu sig ekki á hættunum sem við blöstu. Í

Þorleifur Einarsson, leikmaður með meistaraflokki og síðar formaður handknattleiksdeildar.

einni lestarferðinni milli keppnisstaða þurftu þeir að bíða í þrjár stundir í Köln. Þar voru Þorleifur og Reynir Karlsson, síðar íþróttafulltrúi, í námi og tóku á móti þeim. „Ég ákvað að fara í göngutúr með hópinn. Við gengum eftir einni verslunargötunni er allt í einu heyrðust brothljóð og skammt frá okkur voru menn veifandi byssum að hreinsa úr sýningargluggum skartgripaverslunar. Labbi [Gunnlaugur Hjálmarsson] gerir það sem ekki mátti, vældi eins og lögreglusírena og hljóp að þeim.

Einn ræninginn beindi byssunni beint á hann og Labbi, í fyrsta sinn í útlöndum, hélt bara áfram! Gerði sér enga grein fyrir hættunni, nýkominn til útlanda. Okkur Reyni tókst að kalla hann til baka og rákum allan hópinn upp að vegg, meðan ræningjarnir sópuðu öllu inn í bílinn og hurfu svo í burtu. Það var auglýst eftir okkur í öllum þýskum blöðum, hópnum sem horft hafði á ránið, en við svöruðum náttúrlega engu því við sáum ekki neitt og hefðum ekki þekkt mennina," sagði Þorleifur á sínum tíma um atvikið við bókarhöfund.

Afburða Tékkar heimsóttu ÍR en ekkert varð úr komu Zagreb

Þegar handknattleiksflokkur ÍR var í Þýskalandi buðu forráðamenn júgóslavneska meistaraliðsins Zagreb ÍR-ingum til gagnkvæmra heimsókna. Var fljótt á það fallist með því skilyrði að leyfi hér heima fengjust. Stefnt var að því að Zagreb kæmi til Íslands í nóvember 1958 og ÍR-liðið færi til Júgóslavíu í aprílmánuði 1959. Undirbúningur að heimsókninni var strax hafinn en af henni varð þó aldrei.

Hið þekkta tékkneska lið Spartak Plzen kom hingað í boði ÍR um mánaðamótin október/nóvember 1963. Reyndar fóru ÍR-ingar fram á það upphaflega að fá hingað hið þáverandi heimsfræga lið Dukla Prag. Tékkar sögðu er gengið var frá samningum snemma árs að þeir vildu ekki senda lakara lið hingað en eitt af þremur bestu í tékknesku meistarakeppninni. Niðurstaðan varð sú að Spartak kom og var það í engu lakara lið.

Heimsóknin þótti þýðingarmikil og var mjög lærdómsrík fyrir íslenska handknattleiksmenn, enda stóð handknattleikur á þessum tíma hærra í Tékkóslóvakíu en nokkru öðru landi í heiminum. Lék Spartak hér sex leiki sem voru nær undantekningarlaust mjög vel sóttir. Einn leikurinn, sá fjórði, sló meira að segja öll fyrri met hvað aðsókn snertir; leikur Spartak gegn úrvalsliði landsliðsnefndar, sem háður var í íþróttahúsinu á Keflavíkurflugvelli. Vakti það mikla athygli að nær 2.000 manns skyldu leggja leið sína um langan veg til þess að horfa á klukkustundar leik, en það þótti sýna vel vinsældir handknattleiksins á þessum tíma.

Fyrsti leikurinn var gegn gestgjöfunum úr ÍR og var hann Tékkunum auðveldur. Þeir unnu sinn stærsta sigur í ferðinni, 31:14, enda sýndi ÍR-liðið litla mótstöðu. Lið ÍR í leiknum skipuðu þeir Gunnar Sigurgeirsson, Björgvin Samúelsson, Erlingur Lúðvíksson, Gylfi Hjálmarsson, Jón Jónsson, Gunnlaugur Hjálmarsson, Sigurður Elísson, Hermann Samúelsson og Þórarinn Tyrfingsson.

Spartak sýndi afbragðsgóðan handknattleik í heimsókninni. Opnuðust augu Íslendinga m.a. fyrir því að sýna þyrfti mun meiri hörku í leik. Þótt slæmt væri til frásagnar virtist það vera orðið nauðsynlegt til þess að ná árangri. Þá drógu lið ýmsan lærdóm af heimsókninni, m.a gerði hún íslenskum liðum fært að sníða af galla í leik sínum. Hins vegar staðfesti heimsóknin einnig að hér voru nokkrir geysigóðir einstaklingar og var Gunnlaugur Hjálmarsson einn þeirra. Gunnlaugur var á þessum tíma eins konar herforingi, „de Gaulle handknattleiksdeildarinnar", eins og Reynir Sigurðsson formaður ÍR orðaði það í skýrslu stjórnar sinnar. „Gunnlaugur hefur leynt og ljóst staðið að öllu starfi handknattleiksdeildarinnar. Hann heldur kaffikvöld á heimili sínu af og til þar sem rætt er um vöxt og viðgang deildarinnar, hann var að öðrum ólöstuðum næstum „eins manns móttökunefnd" fyrir Spartak Plzen utan alls annars, sem hann hefur gert fyrir deildina og til aukinnar frægðar fyrir ÍR," sagði Reynir.

ÍR-ingar sagðir bundnir „átthagafjötrum"

ÍR-ingar höfðu áformað að fara í keppnisferðalag til Þýskalands í janúar 1968, en hættu við förina. Varð það að blaðamáli en Tíminn sagði ástæðuna þá að svonefndur ferðaskattur ríkisstjórnarinnar hindraði keppni erlendis. „Íþróttamenn í „átthagafjötrum"" sagði í fyrirsögn á útsíðu og vísað á dálk íþróttafréttaritara blaðsins á innsíðum. Var það fyrst og fremst innlegg í pólitískar deilur stjórnmálamanna. „Ferðaskatturinn hefur þegar haft þau áhrif, að handknattleikslið ÍR er hætt við keppnisför til Þýskalands. Hér er um 15 manna hóp að ræða, en samkvæmt fyrirhuguðum ferðaskatti ríkisstjórnarinnar, mundi hann þurfa að greiða fjörutíu og fimm þúsund krónur í ríkiskassann til að fá að fara úr landi. Þetta er íþróttafélaginu að sjálfsögðu ofviða," sagði Tíminn í október 1967.

„Hinn nýi ferðaskattur ríkisstjórnarinnar er hnefahögg í andlit íslensku íþróttahreyfingarinnar sem nú verður að horfast í augu við þá alvarlegu staðreynd, að öll íþróttasamskipti við erlendar þjóðir hljóta að dragast stórlega saman. Áhrif hins fyrirhugaða ferðaskatts eru reyndar þegar farin að segja til sín. Handknattleiksmenn ÍR höfðu í hyggju að fara í keppnisför til Þýskalands í janúarmánuði nk. En eftir að fréttist um ferðaskattinn er draumur þeirra um Þýskalandsför úr sögunni. Tjáðu ÍR-ingar mér í gær, að þeir væru hættir við förina af þessum orsökum, og yrði Þjóðverjunum sent bréf þess efnis," sagði íþróttafréttaritari Tímans í dálki sínum.

Gummersbach gekk úr skaftinu 1968 en Drott kom 1970

Í febrúar 1968 átti handknattleiksdeild ÍR rétt á því að taka á móti erlendu liði og láta það keppa þrjá leiki í Laugardalshöll. HKRR veitti Reykjavíkurliðunum slíkan rétt eftir sérstökum reglum og voru leikir af þessu tagi hugsaðir til fjáröflunar. Eftir fyrirgrennslan Þorleifs Einarssonar í Þýskalandi barst jákvætt svar frá Evrópubikarmeisturunum þýsku frá Gummersbach 5. janúar 1968. Mánuði seinna var komið babb í bátinn því þá kvaðst félagið ekki lengur geta komið til Íslands vegna anna og þar sem lítill tími var til stefnu reyndist ekki unnt að semja við annað lið. Ef til vill varð það ÍR til bjargar því aðsókn að handknattleiksleikjum hafði fallið mjög þennan vetur og sat annað félag uppi með stórtap af heimsókn af þessu tagi í janúarmánuði.

Meistaraflokkur karla 1972 í Sittardia. Aftari röð frá vinstri: Bjarni Hákonarson, Guðmundur Jónsson, dr. Ingimar Jónsson þjálfari, Vilhjálmur Sigurgeirsson, Ólafur Tómasson, Ómar Garðarsson, Ágúst Svavarsson, Hörður Hákonarson, Jóhannes Gunnarsson, Sigurður Ágúst Sigurðsson og Hákon Bjarnason formaður. Fremri röð frá vinstri: Brynjólfur Markússon, Júlíus Hafstein, Jens Einarsson, Halldór J. Sigurðsson, Gunnlaugur Hjálmarsson og Hörður Árnason.

Næst fékk ÍR heimsóknarrétt af þessu tagi haustið 1970 og fyrir milligöngu Rúnars Bjarnasonar komu sænsku meistararnir Drott til Íslands í boði ÍR í byrjun október. Léku Svíar hér þrjá leiki 2.–4. október, gegn FH, Fram og landsliðinu. Unnu þeir Fram 24:16, en töpuðu fyrir FH 18:19 og úrvalsliði Handknattleikssambandsins, 19:15.

Til Danmerkur og Svíþjóðar 1970

Skömmu fyrir heimsókn Drott hélt meistaraflokkur ÍR í keppnisferð til Norðurlanda, eða 5.–14. september 1970, og lék fimm leiki, tvo í Danmörku og þrjá í Svíþjóð. Rúnar Bjarnason var fararstjóri. Vann ÍR einn leik í ferðinni en tapaði fjórum. Ekki réðust ÍR-ingar á garðinn þar sem hann var lægstur því fyrsti leikurinn var gegn einu alsterkasta liði Dana, Æfterslægten í Kaupmannahöfn. Var hann leikinn skömmu eftir að stigið var út úr flugvélinni og tókst ÍR-ingum að halda ágætri stöðu langt fram í seinni hálfleik. Er 12 mínútur voru eftir var staðan 24:22 Dönum í vil en þá náðu heimamenn loks yfirhendinni, skoruðu sjö mörk í röð og sigruðu að lokum 35:26.

Næsti leikur var gegn afburðagóðu liði Drott daginn eftir og veittist Svíþjóðarmeisturunum auðvelt að halda yfirburðum allan leikinn. ÍR byrjaði illa og eftir 10 mínútur var staðan 9:2 Svíunum í vil. Þá reyndu ÍR-ingar að dempa hraðann og tók að ganga betur. Í hálfleik var staðan 14:8 og hélst sá munur lengst af en var þó orðinn 10 mörk í lokin, 31:21. Á þriðja degi voru Víkingarnir í Helsingborg í Svíþjóð sóttir heim. Var leikþreytu farið að gæta og heimamenn unnu með 30 mörkum gegn 21.

Fengu ÍR-ingarnir nú kærkomna fjögurra daga hvíld en að henni lokinni kepptu þeir við Holte, gott 2. deildar lið í Kaupmannahöfn, og unnu þann leik, 18:14. Daginn eftir héldu ÍR-ingarnir aftur til Svíþjóðar, til Gautaborgar þar sem þeir léku við Västra-Frölunda, mjög gott 1. deildar lið. Þar stóðu þeir sig allbærilega, héldu nokkuð jafnri stöðu lengi framan af þótt Svíarnir ynnu leikinn með 21 marki gegn 15.

Farið til Hollands er Bandaríkjamenn afturkölluðu heimboð

Meistaraflokkslið ÍR fór í keppnisferð til Hollands í september 1971. Upphaflega var ráðgert að fara til Bandaríkjanna 19. júlí til 7. ágúst í boði bandaríska handknattleikssambandsins. Þangað var ÍR boðið á alþjóðlegt íþróttamót á mikilli íþrótta- og skemmtihátíð í Milwaukee í Wisconsinríki við Michiganvatn. Í því áttu að taka þátt lið frá Kanada, Svíþjóð, Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum. Þá var liðinu boðið að leika í ferðinni einn til tvo leiki í Toronto og Montreal í Kanada og loks að taka þátt í öðru alþjóðamóti í New York á heimleiðinni. Var undirbúningi nær lokið þegar skyndilega kom hraðskeyti um breytingu á tímasetningum og öðrum ráðstöfunum sem leiddu til þess að ekkert varð úr ferðinni.

Í skyndingu var skrifað til sex félaga víðs vegar um Evrópu og var ákveðið að taka boði Hollandsmeista Sittardia, sem buðust til að sjá um ÍR í vikutíma. Sumaræfingar hófust um 20. maí undir stjórn dr. Ingimars Jónssonar, sem þá var nýráðinn til félagsins. Var æft fjórum sinnum í viku þar til farið var í ferðina til Hollands, sem hófst 8. september. Til fararinnar völdust markverðirnir Halldór J. Sigurðsson og Jens G. Einarsson og útileikmennirnir Ágúst Svavarsson, Bjarni Hákonarson, Brynjólfur Markússon, Guðmundur Jónsson, Gunnlaugur Hjálmarsson fyrirliði, Hörður Árnason, Hörður Hákonarson, Jóhannes Gunnarsson, Júlíus Hafstein, Ólafur Tómasson, Ómar Garðarsson, Sigurður Ágúst Sigurðsson og Vilhjálmur Sigurgeirsson. Í fararstjórn voru Ásgeir Guðlaugsson formaður ÍR, Ingimar Jónsson þjálfari og Hákon Bjarnason liðsstjóri.

Vildu að Jens yrði skilinn eftir í Sittard!

Lengi vel stóðu ÍR-ingar í Sittardia í fyrsta leiknum, á þriðja degi ferðarinnar. Í hálfleik stóð 7:6 fyrir heimamenn og aðeins 9:9 er seinni hálfleikur var rúmlega hálfnaður en undir lokin urðu endurtekin mistök til þess að ÍR-ingar fengu á sig nokkur mörk og biðu lægri hlut, 16:11. Af ÍR-ingum stóð markvörðurinn Jens G. Einarsson sig best enda átti hann mjög vel heppnaðan leik og varði alveg ótrúlegustu skot, samtals 16. Að leik loknum vildu Hollendingarnir helst að ÍR skildi hann eftir!

Tveimur dögum seinna var leikið í Rínarhöllinni í Arnhem við Swift, næststerkasta lið Hollands, sem varð Hollandsmeistari í útihandknattleik 1971–72 og átti átta menn í landsliði. Leikurinn var alltaf nokkuð jafn en fremur þófkenndur. Liðið var ekki eins harðsnúið og Sittardia en vann þó 22:21.

Fyrsti Evrópuleikur ÍR. Ólafur Gylfason, Sebastian Alexandersson, Njörður Árnason og Brynjar Kvaran í búningsklefanum eftir leik gegn Virum.

Stórsigur vann ÍR, 34:8, daginn eftir í Sittard gegn CIOS, liði íþróttakennaraskólans. Leikinn dæmdu kvendómarar sem voru hvort tveggja í senn, ákveðnar og vinsælar meðal leikmanna ÍR. ÍR-ingar notuðu tólf útileikmenn sem allir skoruðu. Sóknirnar voru 74 og enduðu 59 með skoti en mörkin urðu 34. ÍR mætti Sittardia öðru sinni í síðasta leik ferðarinnar, 14. september, í Heerlem. Var það harður og erfiður leikur, eins og sá fyrri. Sannkallaður baráttuleikur og sviptingar miklar, þar sem liðin skiptust á forystu.

Í hálfleik hafði Sittardia yfir, 10 mörk gegn átta, en ÍR-ingar höfðu snúið dæminu við og leiddu 20:18 er langt var liðið á seinni hálfleik. Tóku þá Hollendingar það til bragðs að taka Gunnlaug úr umferð og eltu um allan völl, enda hafði hann af röggsemi stjórnað sínum mönnum á vellinum. Náðu heimamenn að jafna, 20:20, og allt í járnum er tvær mínútur voru til leiksloka. En Sittardia hafði betur á lokasprettinum og vann 22:21. Nokkrir Íslendingar horfðu á þennan leik og hvöttu landann óspart sem þó dugði ekki til sigurs.

Í aðra umferð í fyrstu og einu Evrópukeppninni

Á fyrsta ári sínu eftir að hafa unnið sig upp úr 2. deild komst meistaraflokkur ÍR í úrslitakeppni úrvalsdeildar og hafnaði í fjórða sæti vorið 1993. Með því öðlaðist hann rétt til þátttöku í Evrópukeppninni í handknattleik. Í fyrstu umferð dróst ÍR gegn danska liðinu Virum Sorgenfri sem er með heimavöll í útjaðri Kaupmannahafnar. Nafn þess kom fyrst upp úr hattinum og ÍR-ingar urðu að byrja á því að fara til Danaveldis. Þar var þeim tekið vel en biðu lægri hlut, 21:19, eftir hálfskrautlegan leik þar sem Branislav Dimitrijvits fékk rauða spjaldið þegar skammt var liðið á leikinn fyrir hið svonefnda „júgóslavneska“ bragð. ÍR byrjaði vel og komst í 6:3 en eftir brottför Dimitrijvits komust heimamenn betur inn í leikinn og höfðu forystu í hálfleik, 12:8. Ólafur Gylfason var markahæstur hjá ÍR með átta mörk.

Í leikskrá sinni sagði Virum að ÍR væri e.t.v. ekki besta lið Íslands en ætíð bæri að bera virðingu fyrir liðum ofan af sögueyjunni; leikmenn þeirra væru yfirleitt vel þjálfaðir og líkamlega sterkir og með tilkomumikið baráttuþrek. Þessu fengu Danir að kynnast vel því í seinni leiknum, sem fram fór í Seljaskóla, vann ÍR frækilegur sigur á Virum, 23:19, eftir jafnan og spennandi leik framan af. Voru Danir betri fyrst í stað og höfðu yfir í lok fyrri hálfleiks, 9:11. Hlutu ÍR-ingar tiltal þjálfarans í hálfleik. „Ég verð að viðurkenna að ég var ansi illur í leikhléi,“ sagði Brynjar Kvaran, aðspurður hvað hann hefði sagt við sína menn í leikhléi. „Það vantaði ekki viljann hjá strákunum en það var engin skynsemi í leik þeirra í fyrri hálfleik. Ég bað menn um að fara að spila með kollinum og það tókst. Okkur tókst að stöðva hraðaupphlaup þeirra en í fyrri leiknum gerðu þeir tíu mörk af tuttugu og einu úr hraðaupphlaupum. Strákarnir eiga heiður skilið fyrir frammistöðuna og áhorfendur einnig. Þeir voru frábærir,“ sagði Brynjar.

Allt er þegar „13“ er

Tiltalið bar tilætlaðan árangur því leikur ÍR breyttist til batnaðar, liðið barðist vel og hafði vandvirknina að leiðarljósi. Róbert fór í gang og svo lokaði Sebastían Alexandersson nánast markinu síðustu 13 mínútur leiksins. Talan 13 kom annars mjög við sögu í leiknum. Róbert Rafnsson tók fjörkipp er hann gerði 13. mark ÍR og breytti stöðunni í 13:13. Hann lék í peysu númer 13 og læddi knettinum framhjá varnarmanni Virum sem var líka í peysu númer 13. Með sigrinum unnu ÍR-ingar sér sæti í 16 liða úrslitum. Þar með var þátttakan í Evrópukeppninni orðin að ógleymanlegu ævintýri fyrir hið unga og efnilega ÍR-lið.

Í annarri umferð mættu ÍR-ingar öllu sterkari mótherjum, spænska liðinu Elgorriga Bidasoa frá Irun. Þar voru stórstjörnur í hverju rúmi; sænskir, spænskir og serbneskir landsliðsmenn. Í því ljósi og til að komast sem fjárhagslega best frá þátttökunni seldu ÍR-ingar Bidasoa heimaleik sinn. Skemmst er frá því að segja að þar mættu ungu íslensku amatörarnir ofjörlum sínum í atvinnumannaliðinu spænska. Sænski landsliðsmarkvörðurinn Thomas Svenson lokaði bókstaflega markinu og tryggði umfram aðra leikmenn Bidasoa 17 marka sigur á ÍR, 28:11. ÍR-ingar komust reyndar í 3:1 í byrjun en síðan jafnaði Bidasoa 3:3 og eftir það hlóðust mörkin upp og var staðan í hálfleik 13:7. Ef til vill sýndu ÍR-ingar hinum öflugu mótherjum fullmikla tillitssemi. Spiluðu þeir nær eðlilegri getu í seinni leiknum en þá munaði aðeins fjórum mörkum, 23:19. Með því lauk ævintýrinu og frá því fóru leikmenn ÍR með fullri sæmd og reynslunni ríkari.

Róbert Þór Rafnsson, leikmaður með meistaraflokki frá 1987–2001 með hléi þó.

„Spánverjarnir hugguðu okkur eftir leikinn. Vissu að við erum að taka þátt í Evrópukeppni í fyrsta skipti og sögðu okkur að örvænta ekki. Þegar

þeir hefðu tekið þátt í fyrsta sinn fyrir nokkrum árum hefðu þeir dottið út eftir að hafa tapað 22:7," sagði Brynjar þjálfari við Morgunblaðið eftir fyrri leikinn á Spáni.

Eitthvað virtist Evrópukeppnin þó vilja sitja í mannskapnum því eftir hana var sem mestur kraftur væri úr liðinu. Slælegur árangur tók við en síðan tók það mjög góðan endasprett. Vantaði þó herslumun, eða tvö stig, á að komast í úrslitakeppnina og munaði þar um slakt gengi framan af móti. Þrátt fyrir nokkur vonbrigði með útkomuna á keppnistímabilinu var ekki hægt annað en að líta björtum augum á komandi tímabil og með markvissu og samstilltu átaki leikmanna, stjórnar, styrktaraðila og áhorfenda var óhætt

Hákon Bjarnason með bikarinn langþráða í mars 2005.

að fullvissa sömu aðila um að uppskera næsta vetrar yrði betri en þessa.

Óslitið í úrvalsdeild frá 1992

Handknattleiksdeild ÍR naut þess á ofanverðum níunda áratugnum og ætíð síðar að hafa tekið þá stefnu snemma eftir flutning félagsins í Breiðholtið að byggja upp á eigin mönnum. Markviss þjálfun og uppbygging í yngri flokkum skilaði leikmönnum þannig upp í meistaraflokk. Rík áhersla var lögð á að hlúa að yngri flokkum félagsins, þar hefur grunnur að öflugum meistaraflokkum verið lagður í hartnær þrjá áratugi. Markmiðið var að eignast meistaraflokk í fremstu röð, byggðan á heimamönnum. Má segja að það hafi ræst rækilega.

Meistaraflokkur ÍR vann sig upp í úrvalsdeild vorið 1992 og hefur verið þar óslitið síðan. Hefur árangurinn verið viðunandi og þrátt fyrir að hafa misst nær allt byrjunarlið sitt 2005 í atvinnumennsku til útlanda hélt liðið velli á Íslandsmótinu 2006. Árið 1993 varð ÍR Reykjavíkurmeistari í meistaraflokki og komst á fyrsta ári í úrvalsdeild í fjögurra liða úrslit Íslandsmótsins. Tveimur árum seinna, 1995, fór ÍR einnig í úrslitakeppnina er það varð í sjöunda sæti í deildinni undir stjórn Eyjólfs Bragasonar. Háði liðið mikla rimmu við Víkinga í fyrstu umferð úrslitanna og beið naumlega lægri hlut eftir tvo afar jafna og tvísýna leiki sem báðir töpuðust með einu marki. Voru blöðin á því að ÍR-ingar hefðu verið betri í 50 mínútur af 60 í leikjunum. Þann seinni þurfti að framlengja tvisvar til að fá fram úrslit. Úr þessu varð sex ára bið á því að ÍR-ingar kæmust í úrslitakeppni Íslandsmótsins eða til ársins 2001. Þá varð ÍR í sjötta sæti undir stjórn Jóns Kristjánssonar. Hefur liðið keppt til úrslita síðan eða sex ár í röð.

ÍR-ingar bikarmeistarar karla 2005

Hápunkti náði starf handknattleiksdeildar ÍR í seinni tíð er félagið varð bikarmeistari eftir glæsilegan sigur á HK í úrslitaleik laugardaginn 26. febrúar 2005. Vann ÍR leikinn með 38 mörkum gegn 32 eftir að hafa haft þriggja marka forystu í hálfleik, 18:15. Þar með rættist langþráður draumur margra um bikar í Breiðholtið en síðasti titillinn í meistaraflokki var orðinn frekar gamall. Tuttugu og tvö ár voru frá því meistaraflokkur kvenna varð bikarmeistari 1983 en næsti stórtitill þar á undan var frá því meistaraflokkur karla varð Íslandsmeistari 1946 í gamla Hálogalandshúsinu. Það voru því liðin 59 ár frá því Íþróttafélag Reykjavíkur vann sinn eina meistaratitil í handknattleik karla.

Í fyrstu umferð sló ÍR út granna sína í Leikni 45:16 og í annarri umferð, 16 liða úrslitum, var Þróttur lagður að velli 35:15. ÍR-ingar gátu vart fengið erfiðari andstæðinga í átta liða úrslitum, sjálfa Íslandsmeistara Hauka. En þeim var ekki brugðið því Haukar voru lagðir að velli á heimavelli sínum 34:31. Höfðu ÍR-ingar yfir í hálfleik, 17:13. Með sigri á Haukum efldist sjálfstraust ÍR-inga og voru Vestmannaeyingar ekki ýkja erfið bráð í undanúrslitunum. ÍR vann ÍBV 34:27 og í hálfleik stóð 15:12. Hálfum mánuði seinna rann svo stóri dagurinn upp er ÍR og HK áttust við.

„ÍR-ingar máluðu Laugardalshöllina bláa á laugardaginn um leið og þeir komu, sáu og sigruðu í fyrsta sinn í bikarkeppninni í handknattleik," sagði Morgunblaðið sem sló upp árangri ÍR-inga. „Sigur ÍR var fyllilega verðskuldaður, liðið var mun betur undir leikinn búið. Dyggilega studdir af nærri eitt þúsund bláklæddum stuðningsmönnum sínum hafði ÍR-liðið frumkvæðið frá upphafi til enda og þegar flautað var til leiksloka mátti víða sjá gleðitár renna niður kinnar stuðningsmannanna sem lengi höfðu beðið þessarar stundar; gleðin var fölskvalaus, loks hafði stund sigurs runnið upp hjá þeim," sagði blaðið einnig.

Efnilegt og skemmtilegt ÍR-lið hafði sprungið út

Úrslitaleikurinn þótti bráðskemmtilegur, einn sá besti sem fram hafði farið í mörg ár. Hið efnilega og skemmtilega ÍR-lið hafði sprungið út. „Bæði lið léku af miklum krafti, hraðinn var mikill og glæsileg tilþrif sáust á báða bóga og ljóst að auk þess að vinna bikarinn voru leikmenn beggja liða komnir í Laugardalshöllina til að skemmta sér og stuðningsmönnum sínum," sagði Morgunblaðið.

„Það er liðsheildinni að þakka að við unnum bikarinn. Við erum búnir að leggja mikið á okkur í gegnum tíðina og nú hefur það skilað sér. Þetta er mjög samstilltur hópur, bæði leikmenn og þjálfarar," sagði Bjarni Fritzson fyrirliði um sigurinn við Breiðholtsblaðið.

Grunn að sigri lögðu ÍR-ingar með öflugum varnarleik. Sókn HK strandaði oft á vörn ÍR-inga sem nýttu tækifæri sín vel með afar vel útfærðum hraðaupphlaupum og náðu tvisvar fimm marka forystu í fyrri hálfleik. Léku þeir hratt og skipulega sín á milli og héldu öruggri forystu leikinn út í gegn. Þó skall hurð nærri hælum þegar aðeins munaði einu marki og um tíu mínútur eftir. En þá rönkuðu ÍR-ingar við sér, bitu í skjaldarrendur og sögðu hingað og ekki lengra. Leiðir skildi og ákaft hvattir áfram af stuðningsmönnum svo að undir tók í Laugardalnum sigu ÍR-ingar fram úr á ný.

„Við sýndum það að þessu sinni að ef við leikum saman sem ein heild, þá á ekkert lið möguleika í okkur, jafnt í vörn sem sókn," sagði varnarjaxlinn Fannar Örn Þorbjörnsson, sonur Þorbjörns Jenssonar fyrrverandi landsliðsmanns og landsliðsþjálfara,

Bikarmeistarar karla 2005.
Aftari röð frá vinstri: Hrafn Margeirsson, Davíð Georgsson, Ísleifur Sigurðsson, Hafsteinn Bragason, Ingimundur Ingimundarson, Hreiðar Guðmundsson, Karl Gunnarsson, Fannar Þorbjörnsson, Finnbogi G. Sigurbjörnsson, Gísli Sigurðsson og Júlíus Jónasson.
Fremri röð frá vinstri: Hannes J. Jónsson, Daði Skúlason, Ólafur Sigurjónsson, Ólafur Gíslason, Stefán Petersen, Sigurður Magnússon, Björgvin Hólmgeirsson. Liggjandi frá vinstri: Ragnar Helgason,Tryggvi Haraldsson og Bjarni Fritzson.

eftir leikinn. „Við lékum fasta vörn, en alls ekki grófa. Báðir markverðir okkar náðu sér vel á strik. Þegar þessi tvö atriði fara saman þá er meira en hálfur sigur unninn. Það er það sem þarf, að leika almennilega vörn, þá þarf að skora færri mörk," sagði hann einnig við Morgunblaðið. Bætti því við að leikmenn ÍR hefðu verið staðráðnir frá fyrstu mínútu í að gefa hvergi eftir og forðast að lenda undir. „Það getur verið erfitt að snúa hlutunum sér í hag lendi menn undir snemma í svona leikjum þar sem mikil spenna ríkir. Okkur tókst að ná frumkvæðinu strax og það hefur mikið að segja. Eftir það vorum við alltaf yfir og þótt HK tækist að minnka muninn í eitt mark í síðari hálfleik þá fannst mér aldrei vera um verulega hættu að ræða, við vorum alltaf með tögl og hagldir, það fannst mér að minnsta kosti," sagði Fannar.

Hólmgeir fékk leyfi til að standa upp af sjúkrabeði

Með sigrinum í bikarkeppninni rættist langþráður draumur margra ÍR-inga og því var sigurinn sætari en ella. Tekist hafði að brjóta ísinn og vinna alvörutitil í meistaraflokki og var það talið mikils virði í framtíðarstarfi handknattleiksdeildarinnar. Var þetta fyrsti sigur ÍR í bikarkeppninni frá því hún hófst árið 1972. Tuttugu og sex árum áður, 1979, hafði ÍR einnig komist í úrslit en þá tapað fyrir Víkingi, 20:13. Þá var aðeins einn leikmanna ÍR 2005 fæddur. Um eitt þúsund bláklæddir stuðningsmenn ÍR stigu sigurdans á fjölum Laugardalshallar þegar Bjarni Fritzson fyrirliði tók við bikarnum og hóf hann á loft.

Meðal þeirra sem tóku þátt í gleðinni var Hólmgeir Einarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍR, sem fékk leyfi af sjúkrahúsi til þess að fylgjast með leiknum. Hólmgeir gekkst undir hjartaþræðingu og beið annarrar. „Ég fékk bara stutt frí til þess að fara á leikinn og er með sprengitöflur í vasanum til vonar og vara," sagði hann við Morgunblaðið. Hólmgeir var um langt árabil ein helsta driffjöður handknattleiksdeildarinnar. Lagði hann á sig ómælda vinnu og erfiði í þágu hennar. Rétt eins og svo margir aðrir áhugamenn og velunnarar deildarinnar í áratugi. Án þátttöku þeirra hefði ÍR tæpast uppskorið á handboltasviðinu sem raun ber vitni.

Og með bikarmeistaratitlinum uppskáru ÍR-ingar eins og til hafði verið sáð. Áralöng stefna deildarinnar að byggja upp meistaraflokk á leikmönnum úr Breiðholtshverfum er gengið hefðu upp gegnum yngri flokka félagsins hafði borið árangur. Markviss vinna og þolinmæði eftir flutning félagsins í Breiðholtið hafði borið ríkulegan ávöxt. Í bikarliðinu voru Ólafur H. Gíslason og Hreiðar Guðmundsson markverðir og útileikmennirnir Bjarni Fritzson, Fannar Þorbjörnsson, Hannes Jón Jónsson, Ingimundur Ingimundarson, Ólafur Sigurjónsson, Ragnar Helgason og Tryggvi Haraldsson. Mörkin í leiknum skoruðu Ragnar sjö,

Hólmgeir Einarsson formaður handknattleiksdeildar.

Ragnar Már Helgason leikmaður með meistaraflokki ÍR frá 1998.

Ingimundur sex, Ólafur sex, Tryggvi sex, Bjarni fimm, Fannar fjögur og Hannes Jón fjögur. Ólafur var í miklum ham í markinu og varði 22 skot í leiknum, þar af eitt víti.

Kraftmiklir ÍR-ingar óvænt meistarar meistaranna 2005

Líklega hafa ekki margir búist við því að ÍR-ingar ynnu Íslandsmeistara Hauka 35:33 á heimavelli þeirra í Hafnarfirði í árlegum leik meistara meistaranna haustið 2005. Sú varð þó raunin og það þó að úr bikarmeistaraliðinu væru Bjarni Fritzson, Ingimundur Ingimundarson, Hannes Jón Jónsson, Ólafur H. Gíslason og Fannar Þorbjörnsson horfnir í atvinnumennsku í útlöndum.

Gott unglingastarf ÍR skilaði mönnum í þeirra stað í meistaraflokkinn og þeir létu engan bilbug á sér finna. Mættu til leiks af miklum krafti og með meiri vilja en Haukarnir og knúðu fram frækinn sigur eftir að hafa verið tveimur mörkum undir í hálfleik, 16:18. Gísli Guðmundsson markvörður átti mikinn þátt í að ÍR náði undirtökunum í seinni hálfleik en hann varði á þriðja tug skota. Af öðrum var Tryggvi Haraldsson atkvæðamestur en hann skoraði 11 mörk. Annars þótti liðsheildin skapa þennan sigur sem fleiri hina fyrri. Eini gallinn sem menn sáu við sigurinn var að nú vanmætu hin liðin í úrvalsdeildinni ekki hið unga og gjörbreytta ÍR-lið þegar hún hæfist. Aðrir bundu vonir við að hann yrði til að stappa stálinu í liðið svo það héldi velli í deildinni, eins og raun varð á.

„Þetta er góð byrjun á tímabilinu. Ég hef mikla trú á þessum ungu strákum og þó svo að við höfum misst nánast allt byrjunarliðið frá því í fyrra er engan bilbug að finna á okkur. Við höfum sett okkur skýr markmið, það er að verða í einu af átta efstu sætunum í vetur, og ég held að strákarnir hafi sannað fyrir sér með sigrinum á Haukum að þeir hafa alveg burði til þess. Margir af þessum strákum voru að æfa með okkur í fyrra en nú eru þeir orðnir einu ári eldri og þeir koma til með að fá hlutverk í vetur," sagði Júlíus Jónasson, þjálfari ÍR, við Morgunblaðið. „Ég sagði við strákana fyrir leikinn að það lið sem næði upp betri varnarleik myndi vinna. Varnarleikurinn var frekar dapur hjá Haukunum allan leikinn en við náðum að bæta hjá vörninni í seinni hálfleik og það skilaði okkur sigri," bætti hann við.

Það hefur verið lán ÍR að handboltadeildin skyldi tileinka sér það undanfarinn aldarfjórðung eða svo – í kjölfar hruns snemma á níunda áratugnum – að hafa trú á ungum og efnilegum leikmönnum frekar en að opna veskið og kaupa rándýra leikmenn til sín frá öðrum félögum. Öflugt unglingastarf hefur jöfnum höndum gefið af sér efnilega leikmenn sem svo hafa blómstrað með meistaraflokki. Margir þeirra hafa svo freistað frekari frægðar og frama sem atvinnumenn í útlöndum. Slík hefur „fjöldaframleiðsla" ÍR-inga á atvinnumönnum verið að ekkert lið á Íslandi hefur sent jafnmarga leikmenn út í atvinnumennsku og ÍR um árabil.

Fyrir meistaraflokkinn hefur verið um nær árlega blóðtöku að ræða. Síðast varð liðið fyrir blóðtöku í fyrra, 2006, er það missti þrjá lykilmenn til útlanda. En maður hefur jafnan komið í manns stað og ÍR því ætíð átt erindi meðal þeirra bestu. Slík hefur og gróskan verið í starfi deildarinnar að fyrirséð er að ÍR verður meðal þeirra bestu í handknattleiknum um ókomin ár.

Eins og á við um flestar aðrar deildir ÍR hefur félagið átt því að fagna um dagana að margir karlar og konur hafa lagt henni ómælt lið. Stundum hefur framlag slíkra aðila – sem jafnvel hafa staðið einir í eldlínunni – beinlínis komið í veg fyrir að hún legði upp laupana. Þarf ekki að fara langt aftur í tíma til að sækja dæmi þar um. Þessir bakhjarlar íþróttastarfsins eiga heiður af árangri íþróttaflokkanna. Fulltrúar þeirra á hverjum tíma má segja að séu formenn deildarinnar á einstöku árabili.

Vísir að sérstakri handboltadeild í ÍR varð til er skipuð var handknattleiksnefnd árið 1940 til að fara með málefni íþróttarinnar í félaginu. Hana skipuðu einungis konur. Formleg deildaskipting var svo tekin upp árið 1948. Formenn handknattleiksnefndarinnar 1940–48 voru Unnur Runólfsdóttir, Sigurpáll Jónsson, Sigurður Gunnar Sigurðsson, Ingólfur Steinsson, Sigurgísli Sigurðsson og Ingi Guðmundsson. Sigurpáll og Sigurður Gunnar urðu síðar formenn félagsins.

Formenn handknattleiksdeildarinnar frá 1948 hafa verið þessir og í þessari röð: Jón Björnsson, Gunnar Bjarnason, Rúnar Bjarnason, Gunnlaugur Hjálmarsson, Hallgrímur Þorsteinsson, Helgi Hallgrímsson, Þorleifur Einarsson, Birgir Magnússon, Þórarinn Tyrfingsson, Erlingur Lúðvíksson, Brynjólfur Markússon, Júlíus Hafstein, Hákon Bjarnason, Þórarinn Tyrfingsson, Pétur Frantzson, Guðmundur Jónsson, Þórir Sandholt, Bergsveinn Auðunsson, Þorvaldur Þorvaldsson, Sigurður Ágúst Sigurðsson, Elínborg Björnsdóttir, Hólmgeir Einarsson og Haukur Loftsson.

Meistarar meistaranna 2005.
Aftari röð frá vinstri: Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson þjálfari, Tryggvi Haraldsson, Þorleifur Björnsson, Ísleifur Sigurðsson, Karl Gunnarsson, Hafsteinn Ingason, Davíð Georgsson og Hreiðar Haraldsson.
Miðröð frá vinstri: Haukur Loftsson formaður, Guðni Ingvarsson, Björgvin Þór Hólmgeirsson, Ólafur Sigurjónsson, Leifur Jóhannesson, Bergur Jónasson, Hrafn Margeirsson og Júlíus Jónasson aðstoðarþjálfari.
Fremri röð frá vinstri: Sigurður Magnússon, Ragnar Már Helgason, Gísli Guðmundsson fyrirliði, Lárus Helgi Ólafsson, Halldór Sævar Grímsson, Andri Már Númason og Benedikt Óskar Steingrímsson.

Tröppugangur hvað árangur varðar

Frá upphafi hefur ÍR tekið þátt í mótum og oftast verið með lið í öllum flokkum, að undanskildum þeim tímabilum, sem kvennahandboltinn var ekki stundaður hjá félaginu. Í þau 67 ár, frá 1940 til 2007, sem keppt hefur verið í meistaraflokki karla, hefur ÍR leikið 54 ár

í efstu deild, 13 ár í 2. deild og eitt í þeirri þriðju. Töluverður tröppugangur hefur verið hvað árangur einstakra flokka ÍR varðar. Skipst hafa á góð tímabil og slök.

Á árunum 1941 til 1949 unnust tíu titlar á níu árum, sem teljast verður gott því keppnisflokkar voru fáir. Þá tók við nokkur lægð og vannst enginn titill 1950–1953. Frá 1954 til 1960 unnu ÍR-lið hins vegar sex titla á sjö árum. Þá kom aftur lægð, 13 ára uppskerubrestur frá 1960 til 1973. Að vísu ef undanskilin eru árin 1968 og 1970 er ÍR vann aðra deildina tvívegis. Á þessum árum má segja að handboltadeildin hafi verið á flakki um bæinn, hafði hvorki hverfi til að byggja á né hús sem fastan samastað fyrir æfingar sínar.

Á árunum 1973 til 1981 er starfið hins vegar farið að bera betri ávöxt, enda deildin komin með eigið íþróttahverfi, Breiðholtið. Og með góða aðstöðu til æfinga í íþróttahúsi Breiðholtsskóla. Eftir flutninginn í Breiðholtið 1970 margfaldaðist iðkendafjöldinn og þörf fyrir æfingatíma varð meiri en völ var á. Á þessu níu ára tímabili unnu kapplið ÍR í handknattleik 18 titla. Voru þeir því samtals orðnir 36 á 41 ári, 24 í karlaflokkum og 12 í kvennaflokkum.

2. fl. ÍR í úrslitaleik Íslandsmóts. Bjarni Benediktsson leikmaður Stjörnunnar og núverandi alþingismaður býr sig undir að skjóta að marki ÍR-inga. Róbert og Finnur eru til varnar. Í baksýn sjást Jón Valdimarsson, Sævar Þór Ríkharðsson, Helgi Magnússon og Gísli Sigurðsson.

Um dagana hefur uppskera ÍR-liða á Íslands- og Reykjavíkurmótum, þar sem keppnin er ætíð hörð, annars verið sem hér segir:

Mfl. karla:
Íslandsmeistari 1946
Meistarar í 2. deild 1968, 1970, 1976, 1987 og 1992.
Bikarmeistarar 2005.
Reykjavíkurmeistari 1945 og 1989, 1993, 1999, 2004.

1. fl. karla:
Íslandsmeistari 1942, 1945, 1946, 1973, 1988, 1997, 2004, 2006.
Reykjavíkurmeistari 1947, 1960, 1973, 1975 og 1977.

2. fl. karla:
Íslandsmeistari 1941, 1956, 1998 og 2000.
Reykjavíkurmeistari 1947, 1956, 1959, 1988.

3. fl. karla:
Íslandsmeistari 1987, 1994, 1995 og 2005.
Reykjavíkurmeistari 1949, 1954, 1957, 1976, 1987, 1995.

4. fl. karla:
Íslandsmeistarar 2003, b-lið
Reykjavíkurmeistarar 2004.

5. fl. karla:
Íslandsmeistarar 1992, 2001.
Deildarmeistarar 2001.
Reykjavíkurmeistari 1980, 1991, 2001, 2005.

7. fl. drengja:
Íslandsmeistarar 1993.
Reykjavíkurmeistari 1993.

Mfl. kvenna:
Íslandsmeistari 2. deild 1981.
Íslandsmeistari utanhúss 1982.
Bikarmeistarar 1983.
Reykjavíkurmeistari 1949, 1981, 1983.

1. fl. kvenna:
Reykjavíkurmeistari 1981, 1983.

2. fl. kvenna:
Íslandsmeistari 1981.
Íslandsmeistari utanhúss 1981.
Reykjavíkurmeistari 1980 og 1981.

3. fl. kvenna:
Íslandsmeistari 1978.

4. fl. kvenna:
Reykjavíkurmeistari 1991, 1993, 1998, 2001.

5. fl. kvenna:
Íslandsmeistari 2006.
Deildarmeistari 2006.
Reykjavíkurmeistarar 1991, 2005.

6. fl. kvenna:
Íslandsmeistarar 2004.
Reykjavíkurmeistari 2005.